

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild  
Leikskólabraut  
2005

*Að deila náttúrunni með  
börnum...*



Margrét Kolbeinsdóttir  
Lokaverkefni í Kennaradeild

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild  
Leikskólabraut  
2005

*Að deila náttúrunni með  
börnum...*

Margrét Kolbeinsdóttir  
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed-prófs í Kennaradeild  
Leiðsögukennari Eygló Björnsdóttir

# Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

---

Margrét Kolbeinsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed-prófs í kennaradeild.

---

Eygló Björnsdóttir

## Útdráttur

Í ritgerðinni er leitast við að svara spurningunni hvort hægt sé að nýta nánasta umhverfi leikskólans til að efla umhverfisvitund og hreyfingu leikskólabarna með markvissum hætti. Til að sjá og skoða hvernig unnt er að vinna með þessa þætti með börnum er farið í vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans. Börnin sem tóku þátt í verkefninu, eru af elstu deild leikskólans Tjarnarsels í Reykjanesbæ. Einnig tóku leikskólakennarar á deildinni þátt og börnin komu með hugmyndir að vettvangsferðum. Börnin á deildinni völdu hvort þau tækju þátt í verkefninu, að endingu tóku þau þátt af einskærri ánægju og áhuga. Umhverfismennt og hæfileikinn að njóta umhverfisins er það sem koma skal, börn eru áhugasöm um umhverfi sitt og verða fljótt meðvituð um að ganga vel um náttúruna. Niðurstaða spurningarinnar er að ég tel að með markvissum vettvangsferðum nýtum við nánasta umhverfi leikskólans til að efla umhverfismennt og hreyfingu leikskólabarna. Hægt er að vinna að umhverfismennt og hreyfingu hvar og hvenær sem er, í hvaða veðri og á hvaða árstíð sem er, farið hefur verið að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku í vettvangsferðir. Börnin sem unnið hefur verið með í þessu verkefni eru örugg í umhverfinu, öflug og öguð í öllum hreyfingum. Með því að hafa vettvangsferðir inni í skipulagi leikskólans tel ég að börn fari sterkari út í samfélagið. Tryggja þarf börnum góðan grunn í samfélaginu og þar gegnir leikskólinn lykilhlutverki. Mikilvægt er að leikskólinn nýti sér vettvangsferðir til uppbyggilegs starfs með börnum í umhverfismennt og hreyfingu fyrir framtíðina.

## Abstract

This paper is the final project for B.Ed. program at the Teacher training section of the University of Akureyri. In the paper we are trying to answer the question: Can the near environment be used to stimulate environmental consciousness and movement in the preschool children in a systematic manner? Field trips in the near environment of the preschool are used to examine how they can be used for teaching children. The children that took part in the project gave ideas about field trips and went on the field trips are from the oldest section of the preschool Tjarnasel in Reykjanesbær, accompanied by their teachers. The children in the section were allowed to choose if they wanted to take part in the project, but in the end all the children in the section took part with real pleasure and interest. Environmental consciousness and the ability to enjoy nature is the future, children are interested in their environment and soon become conscious that they should respect nature. The outcome of the question is that I feel that with systematic field trips we can make good use of the near environment of the playschool to strengthen environmental consciousness and movement of the preschool children. It is possible to work towards environmental consciousness and movement wherever and whenever, in all weather conditions and all seasons, field trips were taken two to three times a week. The children that worked in this project feel safe in their environment, strong and disciplined in all their movements. By having field trips in the preschool programme I think that the children that receive such education will be stronger members of society. Children should be secured a good foundation in society and in that manner the preschool plays a vital role. It is important that the preschool uses field trips to work constructively at teaching children environmental consciousness and movement for the future.

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2. UMHVERFISMENNT – UMHVERFISVITUND</b> .....	<b>3</b>
2.1 UMHVERFISMENNT OG UMHVERFISVITUND LEIKSKÓLABARNA .....	5
<b>3. HUGMYNDAFRÆÐI OG KENNINGAR</b> .....	<b>10</b>
3.1 KENNINGAR FRIEDRICHS FRÖBEL .....	10
3.2 HUGMYNDAFRÆÐI JOHNS DEWEYS .....	11
3.3 HUGMYNDAFRÆÐI Í REGGIO EMILIA LEIKSKÓLUM .....	13
3.4 FJÖLGREINDAKENNING HOWARDS GARDNERS .....	14
<b>4. UM GILDI HREYFINGAR</b> .....	<b>16</b>
4.1 HREYFING LEIKSKÓLABARNA .....	16
<b>5. VETTVANGSFERÐIR</b> .....	<b>19</b>
5.1 HLUTVERK LEIKSKÓLAKENNARA Í VETTVANGSFERÐUM .....	21
5.2 HUGMYNDIR AÐ VETTVANGSFERÐUM .....	23
5.2.1 <i>Vatnsholt</i> .....	23
5.2.2 <i>Nónvarðan</i> .....	26
5.2.3 <i>Hrauntúnsholt</i> .....	28
5.2.4 <i>Smábátahöfnin og Svarti skúti</i> .....	30
5.2.5 <i>Bátasafn Reykjanesbæjar og gamli bærinn</i> .....	32
5.2.6 <i>Fjaran í Innri Njarðvík –Stekkjarkot</i> .....	35
5.2.7 <i>Tröllin í Reykjanesbæ</i> .....	37
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>39</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>41</b>
<b>MYNDASKRÁ</b> .....	<b>44</b>

## Inngangur

Ég hef unnið í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ frá árinu 1996. Hugmyndafræði leikskólans byggir að nokkru leyti á lífsýn starfsfólksins og lýsir sér meðal annars í útivist, hreyfingu og umhverfismálum. Starf mitt í leikskólanum hefur kveikt áhuga minn á að reyna nýta náttúruna og umhverfið í starfi með börnum og er því tilgangur og markmið þessarar ritgerðar að leita svara við þeirri spurningu hvort hægt sé að nýta nánasta umhverfi leikskólans til að efla umhverfisvitund og hreyfingu leikskólabarna með markvissum hætti.

Með markvissum vettvangsferðum er verið að skoða, rannsaka og uppgötva, einnig er markmiðið að þekkja bæinn sinn og sögu hans. Það er gleði þeirra sem eiga frið í hjarta að skynja nálægð við náttúruna.

Börn eru í eðli sínu rannsakendur og kanna umhverfið í kringum sig á eigin forsendum, þau eru ung farin að finna sér skýringar á umhverfi sínu. Leikskólakennarar gegna því hlutverki að aðstoða börnin í þekkingarleit sinni og hvetja þau áfram eins og mögulegt er. Það fylgir því gleði að útskrifa sjálfstæðan, öruggan og gagnrýninn einstakling sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

Ég byrja á að fjalla almennt um umhverfismennt. Og síðan umhverfismennt með leikskólabörnum þar sem leiðir að settum markmiðum koma fram.

Síðan skoða ég hvað fjórir kennismiðir og hugmyndafræðingar hafa sagt í gegnum tíðina um umhverfismennt og hreyfingu leikskólabarna.

Því næst skoða ég gildi hreyfingar og í framhaldi af því skoða ég sérstaklega hreyfingu með leikskólabörnum þar sem leiðir að settum markmiðum koma fram.

Að lokum fjalla ég um vettvangsferðir, hlutverk leikskólakennara í vettvangsferðum og að endingu koma fram hugmyndir að vettvangsferðum um bæjarfélagið Reykjanesbæ með leikskólabörnum.

## 2. Umhverfismennt – umhverfisvitund

Það er okkur nauðsynlegt að skilja gang náttúrunnar til að vita hvað við megum leyfa okkur og hvað ekki. Það er mikilvægt að þekkja vel náttúru síns eigin lands og heimahaga til að geta notið þess sem þar býðst og vita hvað þar megi gera án þess að valda skemmdum. „Náttúran er hin mikla móðir alls sem gefur og tekur, huggar og hirtir“<sup>1</sup> Framtíð alls mannkyns veltur á friðsamlegum samskiptum við náttúruna. Aukin menntun og fræðsla á sviði umhverfismála er forsenda fyrir farsælli sambúð manns og náttúru.

Markviss umhverfismenntun felur í sér að sérhver einstaklingur hljóti almenna fræðslu um sitt nánasta umhverfi og þær hættur sem af umhverfinu stafa vegna mannlegra umsvifa. Með umhverfismennt er átt við uppeldi og fræðslu sem stuðlar að því að varðveita og bæta umhverfið, lífsgrundvöll okkar og afkomanda okkar.<sup>2</sup> Umhverfismennt felst í að fólk skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og hafi nægilega færni og ábyrgðarkennd til að lifa og taka ákvarðanir til heilla samfélaginu og þeirri náttúru sem allt líf byggir á.<sup>3</sup>

Eitt af markmiðum umhverfismenntar er að efla umhverfisvitund fólks og er skilgreint með því að segja að í því felist umhyggja fyrir umhverfi sínu og hæfileiki til að greina samhengi mannlegra athafna og náttúru. Sjálfbær þróun merkir það að hverri kynslóð beri að skila umhverfi sínu í jafngóðu eða betra ástandi og hún tók við til þeirrar næstu.<sup>4</sup> Þegar talað er um sjálfbæra þróun er átt við að frumpörfum allra sé fullnægt og að öllum sé gefinn kostur á að láta drauminn um betra líf rætast. Sérhver þjóð þarf að marka sér eigin stefnu, frumskilyrði er að allar þjóðir heims beri sameiginlega ábyrgð á að koma sjálfbærri þróun af stað.<sup>5</sup>

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Ríó de Janeiro árið 1991. Þar komu saman fulltrúar 181 ríkis, þar á meðal Íslands, og undirrituðu ályktun um umhverfi og þróun.

Ályktunin hlaut nafnið Staðardagskrá 21 og er forskrift að sjálfbærri þróun í ríkjum heims þar sem sett eru fram markmið og leiðir sem stuðla að því að viðhalda

---

<sup>1</sup> Páll Skúlason. 1994.

<sup>2</sup> Þorvaldur Árnason. 1997:12

<sup>3</sup> Þorvaldur Árnason. 1998:10

<sup>4</sup> Bragi Guðmundsson. 2000:25

<sup>5</sup> Sjálfbær þróun. 1991:9-18

umhverfisgæðum heimsins.<sup>6</sup> Þróun sem tryggir komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Maðurinn hefur haft einhver áhrif á umhverfið í þúsundir ára. Á síðari hluta 20. aldarinnar hefur þróunin verið mjög hröð, mannkyninu hefur fjölgað ört, tækninni hefur fleygt fram og neysluvenjur hafa breyst. Þetta hefur leitt til þess að gengið hefur verið á auðlindir jarðar og mengun lofta, láðs og lagar hefur orðið að áþreifanlegu vandamáli. Það er þó ekki fyrr en á síðustu áratugum sem vitund manna hefur vaknað um að í óefni kunni að stefna ef haldið verður áfram á sömu braut.<sup>7</sup>

Einn liður í umhverfismennt er flokkun sorps sem fellur til hvort sem er á heimilum eða fyrirtækjum. Til dæmis að safna og hreinsa mjólkurfernur, flokka pappír, tína rusl og safna matarúrgangi í moltugerð. Gamall málsháttur indjana segir. „Því klókari sem þú ert, því færri spor skilurðu eftir þig“

Til þess að efla umhverfisvitund fólks er gott að skapa tækifæri til útivistar í íslenskri náttúru. Tengja umhverfismál við sögu og menningu bæjarins og hvetja til góðrar umgengni við náttúruna og nánasta umhverfi. Öllum er það gefið að skynja umhverfi sitt í tíma og rúmi með einhverjum hætti og þessi skynjun verður hluti af sjálfsvitund einstaklingsins. Að öllu jöfnu viljum við búa í haginn fyrir framtíðina, fyrst fyrir okkur sjálf og fjölskyldu okkar, síðan fyrir það samfélag sem við tilheyrum og síðan fyrir gjörvalla heimsbyggðina.

Steingrímur Arason segir í bók sinni Mannbótum frá árinu 1948 að margir bestu hugsuðir heimsins hafa látið svo um mælt, að bestu hugsanir sínar hafi þeir hugsað í kyrrð og friði fagurrar náttúru. Þeim sem hin mikla bók náttúrunnar er lokuð, verður að opna hana inn í borgum og bæjum. Það þarf að flytja nokkuð af náttúrunni sjálfri inn í borgina.<sup>8</sup>

---

<sup>6</sup> Staðardagskrá 21.2001:4

<sup>7</sup> Brot úr sögu umhverfismála. Tekið af netinu. 18.4.2005

<sup>8</sup> Steingrímur Arason.1948:207



## 2.1 Umhverfismennt og umhverfisvitund leikskólabarna

Síðustu ár hafa leikskólakennarar fengið mikinn áhuga á umhverfismálum og umhverfismennt. Áhuginn hefur verið annarsvegar að veita börnum tækifæri til að njóta náttúrunnar og kynnast henni og hinsvegar að kenna börnum rétta umgengni við náttúruna í hinu daglega lífi.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa sé háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því mannum lífsnauðsynleg. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess.<sup>9</sup>

Þegar á leikskólaaldri er nauðsynlegt að leggja grundvöll að siðgæðisviðhorfi barnanna til allra lifandi vera, manna, dýra og plantna, til lands, lofts, vatns og sjávar. Þannig þarf að veita börnunum uppeldi sem stuðlar að því að maðurinn geti unað og lifað í framtíðinni í sátt við land sitt og lífríki. Til að börn kynnist náttúrunni þurfa þau að upplifa hana af eigin raun, njóta hennar, kanna ýmis ferli hennar og fyrirbæri, skoða þau, gera tilraunir, flokka þau og sjá tengsl milli þeirra og draga ályktanir.<sup>10</sup>

Segja má að lykillinn að því að vel takist til með umhverfismenntun leikskólabarna sé leikskólakennarinn sjálfur og viðhorf hans. Ef leikskólakennarinn hefur ekki áhuga á náttúrunni og umhverfinu og gleði af að njóta þess þá er borin von að hann nái árangri í umhverfismennt með börnum. Áhugi og reynsla leikskólakennara skiptir því miklu máli. Það er mikilvægt að hvetja einstaklinginn til bættrar umgengni við náttúruna þegar hann er hvað móttækilegastur fyrir þeirri hvatningu. Því ætti að vera lögð rík áhersla á þennan þátt í leikskólum.<sup>11</sup>

Ýmsar leiðir eru færar og hafa verið reyndar til að efla umhverfismennt í leikskólum og umhverfisvitund leikskólabarna. Ein leiðin er sú að kenna börnum að náttúruauðlindir eru ekki ótakmarkaðar með því að leggja áherslu á endurnýtingu ýmissa efna. Oft má nýta þann pappír sem unnið er með í leikskólanum oftar en einu sinni, mjólkurfurnur má skola, safna saman og fara með í pappírgám og afgangskertabúta og tómar rafhlöður má fara með í endurvinnslu. Einnig má nýta umbúðir frá matvælum og ýmislegt annað sem fellur til í skapandi starf. Markmið

<sup>9</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:26

<sup>10</sup> Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. 1993:65-66

<sup>11</sup> Katrín Ólafsdóttir 1998:29

með þessu er að börnin séu meðvituð um endurnýtingu og þau áhrif sem við getum haft á umhverfi okkar með því.<sup>12</sup>

Í mörgum leikskólum er matar- og garðúrgangi safnað í svokallaðan safnhaug og þannig búin til mold sem er svo jafnvel notuð til ræktunar í leikskólanum. Um leið og þetta minnkar ruslið er þetta kjörið viðfangsefni til að efla skilning barna á hringrásum lífríkisins. Með því að fylgjast með og ræða um hvað gerist við niðurbrot lífvera ætti skilningur barna að aukast á mikilvægi þeirra lífvera sem kallast rotverur og einnig allra smádyra í þessu ferli. Umfjöllun um hringrásir með leikskólabörnum getur fallið vel að því sem þau eru að fást við í leikskólanum. Umfjöllunin og vinnan ætti að geta aukið skilning þeirra á hvernig náttúran starfar og hvernig við getum tekið okkur hana til fyrirmyndar með endurnotkun og endurvinnslu ýmissa efna.<sup>13</sup>

Margir leikskólar hafa efnt til samvinnu við foreldra í tengslum við umhverfismenntina. Börn koma þá með ýmsa hluti að heiman sem falla til og annars yrði hent, til dæmis pappír, umslög, pappa undan alls kyns matvælum, krukkur og fleira sem þau síðan nýta í listsköpun. Þau eru einnig upptekin af því að minna foreldara sína á að það eigi að drepa á heimilisbílnum fyrir utan leikskólann því það kemur svo mikil mengun af honum

Ylrækt með leikskólabörnum er skemmtileg viðbót í umhverfismennt. Börnin gera ýmsar tilraunir með steina úr ávöxtum og grænmeti, þau setja steinana niður í mold og fylgjast síðan með framvindunni, stundum sprettur upp úr moldinni lítil paprika eða jarðarber. Börnin fara síðan heim með afraksturinn og leyfa fjölskyldum sínum að njóta með sér. Nýting á skólagörðum bæjarfélagsins er einnig skemmtileg viðbót við umhverfismennt þar sem börnin fá tækifæri til að setja niður kartöflur og annað grænmeti og hugsa síðan um garðinn sinn sumarlangt og taka síðan upp að hausti og halda sína uppskeruhátíð þar sem þau bjóða til grænmetisveislu.<sup>14</sup>

Þó allar þessar leiðir sem fjallað er um hér að ofan séu góðar og gildar þá er ótalin sú leið sem mikið hefur verið notuð til umhverfismenntar í leikskólum, en það er að leggja áherslu á útiveru og vettvangsferðir, og nýta fjölbreytt umhverfi bæjarins til að auðga þekkingu barna á samfélagi og náttúru. Með því að kynna fyrir börnum nánasta umhverfi þeirra og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni og umhverfinu er

---

<sup>12</sup> Leikskólanámskrá Tjarnarsel.2004:15

<sup>13</sup> Kristín Norðdahl. 2001:11-12

<sup>14</sup> Staðardagskrá 21 Reykjanesbæ 2001-22

stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Kenna þarf börnum rétta umgengni við náttúruna og gefa þeim tækifæri til að njóta hennar í þeirra daglega lífi.

En hvað þurfa börn að læra til að verða vistvænir ferðamenn, það er að segja að velja þann ferðamáta sem skaðar umhverfið sem minnst og fá mikið út úr ferð, jafnvel þótt stutt sé? Börn læra til dæmis að skynja, að njóta, að þekkja margt af því sem einatt ber fyrir augu, að rata um bæinn sinn og skilja bæði lögmál náttúrunnar og siðvenjur manna. Þau þurfa að kynnast margvíslegum ferðamáta, læra umgengni og góða ferðasiði, að klæða sig eftir veðri og kunna viðbrögð við hættum. Börn þurfa að læra að virða þá staði sem farið er um og leggja metnað sinn í að ganga vel um og sýna öðru fólki háttvísi.

Leikskólakennarar kenna börnum að ferðast, annars vegar inni í leikskólanum með því að ræða saman, lesa, skrifa, skoða hluti, gera tilraunir og þess háttar. Hins vegar að fara út til að skoða og upplifa, safna gögnum og taka með sér í leikskólann til reynslu, þá skapast forsendur fyrir frekari innivinnu.<sup>15</sup>

Nauðsynlegt er að vera næmur á áhuga barna á náttúrunni og fyrirbærum hennar, hlusta vel á spurningar þeirra og hvetja þau til að kanna hlutina sjálf og leita svara við spurningum sínum. Mörg börn eru afar næm og eftirtektarsöm á hið örsmáa í umhverfinu og ber að nýta þann áhuga. Fjölbreytileiki náttúrunnar er óendanleg uppspretta nýrra hugmynda, viðfangsefna og athugana.<sup>16</sup>

Rachel Carson skrifaði bókina *The sense of wonder* þar segir hún meðal annars að áhugi á náttúrunni sé börnum meðfæddur og það sé lífsspursmál fyrir þau að sá eiginleiki fái að þroskast og dafna með umgengni við náttúruna allt frá frumbersku. Ekki fer á milli mála að slíkt uppeldi er ekki aðeins mikilvægt fyrir einstaklinginn sjálfan heldur samfélagið allt, náttúruna alla.<sup>17</sup>

Lifandi náttúra er kjörinn leikvangur fyrir börn. Þar geta þau hreyft sig frjáltslega, hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Úti í náttúrunni gefast ótal tækifæri til að kynnast dýrum og jurtum og skoða ýmis fyrirbæri. Einnig er hægt að kynnast áhrifum árstíðanna og árstíðaskipta, sjá litbrigði jarðarinnar, form og lögun steina og kletta, finna ilm af grasi og blómum, hlusta á fuglakovak og önnur hljóð náttúrunnar.

---

<sup>15</sup> Þorvaldur Árnason.1998.:12

<sup>16</sup> Drög að Aðalnámskrá. Tekið af netinu.15 okt 2004.

<sup>17</sup> Sigrún Helgadóttir.2002:185

Augu barnanna opnast fyrir náttúrunni, fegurðarskyn þeirra og rannsóknarlöngun örvast.<sup>18</sup>

Leikskólabörn eru móttækilegir og hugmyndaríkir einstaklingar, en þau þurfa örvun til að velta hlutunum fyrir sér og þeir fullorðnu þurfa að hafa trú á hæfni barnanna og gera tilraunir með þeim. Við verðum að trúa að börnin verði hæfari til að meta og taka afstöðu til málanna í framtíðinni og umgangist náttúruna af skynsemi.

Eftir að hafa unnið að umhverfismennt og hreyfingu með börn fædd 1999 í tvö ár er gaman frá því að segja að þau eru meðvituð um að hreyfing og umhverfismennt er mikilvægur hluti af lífinu. Þau hafa verið að læra á umhverfi sitt og áhugi þeirra er óþrjótandi. Þau hafa verið að læra ljóð um Keflavík eftir Jón Guðmundsson sem ort var árið 1906. Þar sem lestrarmenning er mikil í Reykjanesbæ og ljóðalestur í hávegum hafður, fórum við og fluttum ljóðið fyrir bæjarstjóran okkar og starfsmenn bæjarskrifstofunnar og áttum síðan viðræður við þá. Börnin voru mjög undrandi yfir umgengni á útivistarsvæðum bæjarins og vildu gefa bæjarstjóra ráð til að laga þessi mál. Þau sögðust vera viss um að það væru unglingar sem gengju ekki vel um bæinn okkar og vildu setja upp unglíngagildir eða að vinnumennirnir sætu fyrir unglíngunum. Bæjarstjórinn vildi gera þau að sendiherrum bæjarins og bað þau að heimsækja grunnskólana og biðja unglíngana að ganga vel um. Þetta var auðsótt mál þar sem elstu börn leikskólans heimsækja grunnskólana nú á vormánuðum og þau hafa rætt þessi mál í heimsóknum sínum og hefur því verið vel tekið.

Börnin hafa fengið tækifæri til að vinna að vettvangsferðarbæklingi barna. Þau ákveða tvö og tvö saman hvert eigi að fara í vettvangsferð, skiptast á að taka myndir á svæðunum og ræða síðan saman um hvað sé áhugaverðast á hverjum stað fyrir sig. Þetta hefur verið afar skemmtilegt verkefni sem unnið hefur verið að síðustu mánuði.

Bæklingurinn er fylgirit með ritgerðinni.

---

<sup>18</sup> Uppeldisáætlun fyrir leikskóla.1993:67-68

## **Keflavík**

**Ef viltu skoða vel hvern krik,  
vorrar móður.**

**Komdu þá í Keflavík,  
karl minn góður.**

**Þar er mikið og margt að sjá,  
margvíslega,**

**þar er manndómur menntun há  
mikillega.**

**Þar er svo víðtæk vegabót,  
virðar skoða,  
enginn lætur nema annan fót,  
aurinn troða.**

**Og víða gnæfa himin há,  
hús með kvistum,  
innanum gluggana glóir á  
gull í kistum.**

**Jón Guðmundsson**

**1906**

### 3. Hugmyndafræði og kenningar

Ýmsir fræðimenn og hugmyndasmiðir hafa í gegnum tíðina fjallað um umhverfismennt og hreyfingu. Í þessum kafla fjalla ég um þá Friedrichs Fröbel, John Dewey, Loris Malaguzzi og að endingu mun ég fjalla um fjölgreindakenningu Howards Gardners.

#### 3.1 Kenningar Friedrichs Fröbel

Þjóðverjinn Friedrich Fröbel (1781-1851) var frumkvöðull að skipulögðu uppeldi barna í skólum. Hann lagði meðal annars áherslu á skoðunarferðir barna út í náttúruna þar sem þau söfnuðu gögnum og gerðu athuganir. Hann hvatti mjög til virkni barnanna og vildi gera kennsluna sem mest einstaklingsbundna. Börn áttu ekki eingöngu að læra af athugun heldur líka af að vinna með höndunum að sköpun úr ýmsum efnivið, svo sem pappa og tré. Með leikskólahugmyndinni vildi hann ekki lengja skólagöngu barna heldur bjóða börnunum viðfangsefni og aðstæður sem þroskuðu þau alhliða. Hreyfileikir og söngleikir voru algengir í skólastarfinu. Hringleikir voru hugsaðir sem liður í að efla samkennd og félagskennd barnanna. Hringurinn var eins konar tákn um félagslega einingu barnanna í skólanum. Börnin voru í daglegri snertingu við náttúruna þar sem þau hlúðu að plöntum og dýrum og umhverfi skóla Fröbels var garður þar sem hvert barn hafði sinn skika. Þar lærðu börnin garðrækt. Ýmislegt í kenningum Fröbels leiðir hugann að nútímakenningum í sálfræði og uppeldisfræði til dæmis áhersla hans á frjálsan leik barnsins og skapandi starf.<sup>19</sup>

Fröbel taldi að með því að börn kæmst í snertingu við náttúruna, að hafa eitthvað fyrir stafni, annast um og þykja vænt um, áttu þau að fá fyrstu innsýn í ábyrgð og skyldu.<sup>20</sup>

Fröbel líkti barninu við viðkvæma plöntu sem þyrfti að huga að. Ef henni væru búin góð skilyrði, rétt umhverfi, ljós og næring myndu hún vaxa og þroskast öllum til gleði og ánægju.<sup>21</sup>

<sup>19</sup> Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1995:32-33

<sup>20</sup> Myhre. 2001:108

### 3.2 Hugmyndafræði Johns Deweys

John Dewey (1859-1951) var bandarískur heimspekingur. Hann kom meðal annars fram með þrjú grundvallaratriði í hugmyndafræði sinni, þær eru menntun og samfélag, menntun og lýðræði og að síðustu menntun og reynsla.<sup>22</sup>

Dewey taldi að börn skorti tengsl milli þess sem þau væru að gera innan og utan veggja skólans. Hann fjallaði um einangrun skólans frá daglegu lífi og lagði áherslu á að í skólanum ætti að kynna fyrir barninu frumþætti samfélagsins og þjálfað það í að vera þátttakendur í samfélagi fólks. Dewey telur að börn öðlist einungis raunhæfa menntun gegnum reynslu sína (learning by doing) en það þýðir þó ekki að öll reynsla sé jafnmenntandi. Hann lagði ríka áherslu á að kennarar gaumgæfi og velji af kostgæfni þá reynslu sem þeir skapa nemendum sínum og þau viðfangsefni sem þeir leggja fyrir. Þessi þrjú atriði í kenningum Dewey eru samofin. Hlutverk skólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja skólans, byggja á þeirri reynslu sem þau hafa aflað sér og skapa nýja merkingabæra reynslu fyrir þau til að læra af.<sup>23</sup>

Samspil manns við umhverfi nefndi Dewey reynslu. Nú var ekki öll reynsla grundvöllur árangurs. Allt var undir gæðum reynslunnar komið. Góð reynsla átti sér tvenns konar einkenni. Hún var ánægjuleg og hún lifði á frjósaman og skapandi hátt í þeirri sem kom síðar, fyrirbæri sem Dewey nefndi samfellda reynslu. Í útistöðum sínum við heiminn rákust menn á alls konar hluti og orð sem voru andstæð hvert öðru. Þetta voru oftast andstæður sem maðurinn skapaði af reynslu sinni. Það þýðir, að hjá honum var ekkert ofan við eða utan hins gefna heims. Öll fyrirbæri áttu sér skýringu innan þessarar einingar. Vitundin var því náttúrufyrirbæri sem og allt annað. Að mati Dewey var munur á mannlegri lífveru og öðrum lífverum, en þessi munur var aðeins stigsmunur en ekki eðlismunur. Maðurinn lagaði sig bæði að umhverfi sínu og umbreytti því til þess að geta á sem allra bestan hátt fullnægt þörfum sínum á sama hátt og allar aðrar lífverur.<sup>24</sup>

Eitt af markmiðum í skóla Dewey var að börnum var gefin kostur á að læra með því að framkvæma og kynnast samfélaginu með virkri þátttöku. Lögð var áhersla á að rannsaka veröldina fyrir utan skólann. Leikskólabörn í skóla Dewey léku sér í leikjum sem tengdust heimilum þeirra og bjuggu til hluti sem þau gátu notað í þeim

---

<sup>21</sup> Valborg Sigurðardóttir. 1991:11

<sup>22</sup> Jóhanna Einarsdóttir. 1997:28

<sup>23</sup> Jóhanna Einarsdóttir. 1997:28-29

<sup>24</sup> Myhre.2001:173

tilgangi. Þau sáu um einfalda daglega hluti, hugsuðu um blómin, þrifu í kringum sig og tóku þátt í matargerð. Leitast er við að skapa samfélag innan skólans og bera því börnin ábyrgð á daglegum störfum. Námskráin er byggð á vettvangsferðum og börn tjá reynslu sína að aflokinni vettvangsferð með því að nota opin efnivið eins og einingakubba, leir, vatn og sand.<sup>25</sup>

„Nám í verki“ (Learning by doing) mátti ekki vera tilviljanakennt. Það var ekki tækifærisviðbragð við skyndilegri ílöngun. Framkvæmdin varð að beinast að markmiði, svo að hún yrði vakandi starf sem þreifar sig áfram og er sprottin af vakandi þörf. Hún átti að stjórna af ásetningi sem tryggði eðlisgóða reynslu.

1. Nauðsynlegt var að skapa náttúrulegar aðstæður
2. Við þessar aðstæður varð áhugaverður vandi að koma upp.
3. Nemendur urðu að afla sér upplýsinga sem gerðu þeim kleift að fást við hann á skynsamlegan hátt.
4. Tillögur til lausnar, sem nemendur komu með, áttu þeir að fara í saumana á, af ábyrgð og kostgæfni
5. Þeir skyldu fá tækifæri til að prófa tilgátu sína og kanna sjálfir, hvort hún væri haldbær.

Ein af forsendum fyrir notkun þessarar aðferðar var tiltölulega mikið frelsi nemenda, bæði athafnafrelsi og frelsi til að koma með hugmyndir og tillögur. Að dómi Deweys var slíkt málefnalegt frelsi ekki líklegt til að leiða til alvöruleysis, vegna þess að sameiginlegt verkefni hópsins myndi fela í sér aga.<sup>26</sup>

Af þessu má sjá að leikskólakennari þarf að vera opinn fyrir þeim tækifærum sem gefast til uppgötvunar og upplifana hvort sem er inn í leikskólanum eða úti í umhverfinu. Að fanga augnablikið gefur nýja vídd í leik og starf barnanna og vekur gleði og áhuga á hinu stóra sem hinu smáa.<sup>27</sup>

---

<sup>25</sup> Jóhanna Einarsdóttir. 1997. 30-31

<sup>26</sup> Myhre. 2001:174-175

<sup>27</sup> Leikskólinn Tjarnarsel.2002:12



### 3.3 Hugmyndafræði í Reggio Emilia leikskólum

Loris Malaguzzi sálfræðingur og kennari var hugmyndasmiður leikskóla Reggio Emilia á Ítalíu. Reggiostarfið er ekki uppeldisstefna, ekki kenning, heldur leikskólastarf sem hefur verið að þróast síðastliðna áratugi.

Í leikskólum Reggio er litið á umhverfið sem þriðja kennarann. Þá er átt við að kennararnir eru börn, kennarar og umhverfi. Með umhverfi eiga þeir jafnt við umhverfið innan leikskólans sem utan hans. Í leikskólum Reggio er lögð áhersla á að börnin kynnist því liðna til að flétta inn í núíð og byggja framtíð. Guðrún Alda Harðardóttir túlkar að í Reggio sé mikil áhersla lögð á að leikskólar efla sjálfsvitund, söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund.<sup>28</sup>

Í Reggio er litið á þekkingu og nám í heild, það er að allt tengist og vinnur hvert með öðru. Þess vegna er talið mikilvægt að skólinn einangrist ekki í samfélaginu, heldur vinni í tengslum við það. Uppeldisstarfið snúi ekki síður útávið en innávið, að maðurinn þurfi að vera tengdur því samfélagi sem hann lifir í, sterkum böndum. Skólinn vinnur að því að skapa samfélag sem hefur not af virkni barna. Samfélag sem getur nýtt hugrekki þeirra, leið þeirra að segja frá, gleði þeirra, jákvæðni og orku. Skólinn stuðlar að því að börnin skilji eftir sig spor í bænum. Meðal annars með því að hugmyndir þeirra komi víða fram ekki aðeins í leikskólanum.<sup>29</sup>

Í Reggio er litið á menntun sem rannsókn. Barnið notar rannsóknaraðferðir í uppgötvun sinni og námi. Það nálgast viðfangsefnið á fjölbreyttan hátt, notar fjölbreyttan efnivið og tækni í nálgun sinni. Barnið setur fram vangaveltur, tilgátur og vinnur síðan að því að túlka og komast að niðurstöðum. Malaguzzi bendir á að ekki sé sjálfgefið að barn læri það sem því er kennt. Heldur sé það að stórum hluta afleiðing framkvæmda og íhugana, börn taki virkan þátt í að afla, fanga og túlka. Nám sé ánægjuleg reynsla og börn noti reynslu sína til landvinninga.<sup>30</sup>

Í Reggio skólum er unnið markvisst að umhverfismennt og hreyfingu leikskólabarna með vettvangsferðum út í samfélagið og náttúruna.

<sup>28</sup> Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:18-19

<sup>29</sup> Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:24

<sup>30</sup> Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:24

### 3.4 Fjölgreindakenning Howards Gardners

Samkvæmt Howard Gardner er fjölgreindakenningin hugmynd um margar gerðir mannhugans. Að greind snúist um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál og hanna í samhengi og samspili við umhverfi. Hann leggur til grundvallar kenningu sinni um fjölgreindirnar „virðingu fyrir margbreytileika mannanna, fjölbreyttum námsaðferðum þeirra, fjölda möguleika til að meta námsárangur og hinum óteljandi leiðum sem menn geta farið til að setja mark sitt á veröldina“. Þær átta greindir sem Howard Gardner hefur komið með eru málgreind, rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingagreind og umhverfisgreind.<sup>31</sup>

Í þessum kafla mun ég fjalla um tvær af greindum Gardners það er, líkams- og hreyfigreind og umhverfisgreind, vegna skrifa minna um umhverfismennt og hreyfingu leikskólabarna

**Líkams- og hreyfigreind:** Stjórnun hreyfinga líkamans og getan til að handfjatla hluti eru þeir tveir þættir sem mynda kjarna líkams- og hreyfigreindar. Einfaldar aðgerðir þróast smám saman upp í flóknar hreyfiaðgerðir eftir því sem færni eykst og allir heilbrigðir einstaklingar búa yfir henni í einhverjum mæli. Við skynjum veröldina með líkamanum og höfum tjáskipti í gegnum hreyfingu. Þessi greind nær yfir hreyfingar smæstu og stærstu vöðvum hins viljastýrða vöðakerfis til dæmis þegar við tölum jafnt sem dönsum. Líkams- og hreyfigreinda barnið nálgast upplýsingar í gegnum líkamsskynjun, þarf að handfjatla námsefnið, hreyfir og prófar hluti og hreyfir sig á fagaðan og einstakan hátt. Langtímaminni líkams- og hreyfigreinda barnsins fer ekki að virka nema heilinn sé örvaður í gegnum hreyfingu.<sup>32</sup>

Ég tel að verið sé að þjálfra líkams- og hreyfigreind allan daginn í leikskólanum en með vettvangsferðum út í umhverfið sé verið að þjálfra grófhreyfingar barna mikið. Börnin fá tækifæri til að klifra í klettum, ganga í þúfum, gera engla í snjónum, hoppa í pollum, mála og teikna út í náttúrunni og svo margt fleira sem eflir líkams- og hreyfigreind þeirra.

---

<sup>31</sup> Armstrong..2001:8

<sup>32</sup> Gullkistan. Tekið af netinu. 2005

**Umhverfisgreind:** Er leikni í að þekkja og flokka tegundir úr jurta- og dýraríkinu. Næmni fyrir ýmsum fyrirbærum náttúrunnar eins og skýjum og fjöllum. Hæfni til þess að greina í sundur dauða hluti eins og bíla og íþróttaskó.<sup>33</sup>

Umhverfisgreinda barnið þekkir, flokkar og greinir hluti í jurta og dýraríkinu, er næmt fyrir umhverfishljóðum, kann því vel að vera úti og á í samskiptum við dýr og plöntur.<sup>34</sup>

Í leikskólum er hægt að efla umhverfisgreind með því að fara í vettvangsferðir út í náttúruna og gefa börnunum tækifæri til að uppgötva og rannsaka umhverfið. Nota víðsjá, stækkunargler og fræðibækur til að skoða og fræðast um plöntur og dýr. Hægt er að hafa gæludýr eða bjóða upp á að börnin megi koma með gæludýrin sín í heimsókn í leikskólann og gefa fuglunum að borða yfir vetrartímann. Einnig er hægt að skapa skemmtilegar umræður um himininn, skýin, veðrið og margt fleira. Að efla sköpun, skynjun og ímyndun barnanna sjálfra sem gert er með útileikjum í náttúrulegu umhverfi.

---

<sup>33</sup> Amstrong. 2001:15

<sup>34</sup> Gullkistan: tekið af netinu 2005

## 4. Um gildi hreyfingar

Samfélagið sem við búum í er í rauninni alltaf að breytast. Þau börn sem eru að vaxa úr grasi í dag alast upp í þjóðfélagi sem einkennist af hraða og stöðugum tæknibreytingum. Kyrrseta er orðin mun algengari en áður tíðkaðist. Auk þess sem fólk í dag fer meira um á bílum en gangandi þá er ýmislegt sem hefur áhrif á það að fullorðnir jafnt sem börn hreyfa sig minna. Sökum þess er það mikið umhugsunarefni hvort börn séu að fá þá hreyfingu sem þau þurfa á að halda til að efla hreyfifærni sína, þrek og úthald. Hreyfing er okkur mannfólkinu nauðsynleg til að lifa sem eðlilegustu lífi. Einnig er hreyfing mikilvæg til að minnka hættuna á hjarta og æðasjúkdómum.<sup>35</sup> Þess vegna er nauðsynlegt að hreyfing verði hluti af daglegu lífi okkar. Þá er ekki verið að tala um að hver einstaklingur eigi að vera þjálfari sig eins og atvinnumaður, heldur hafi gaman af þessu og hreyfing verði ekki kvöð heldur ánægja.

Börn þurfa allt frá vöggju og langt fram á grunnskólaaldur að fá að hamast, bröлта og nota líkamann sem stóra og samhæfða heild. Til viðbótar við skynþroskann, sem fyrst og fremst verður til í frumbersku, þarf barn á margþættri reynslu að halda á sviði grófhreyfinga, að öðlast þol, kraft, stöðugleika og jafnvægi. Það er nauðsynlegt, að starfsfólk leikskóla geri sér grein fyrir þessu og hagi vinnu sinni samkvæmt því. Skoði og örvi fyrst og fremst skynsvið og grófar hreyfingar og byggi þar með upp grundvöll fínhreyfifærinnar, en hún kemur yfirleitt sjálfkrafa, ef grunnurinn er traustur. Ekki er síður mikilvægt, að barninu sé gefinn nægur tími til að vera barn, að okkur liggi ekki lífið á að eiga stofudúkkur eða tölvusérfræðinga, sem passa inn í ímynd nútímaheimilsins.<sup>36</sup>

### 4.1 Hreyfing leikskólabarna

Þörf barna fyrir hreyfingu hefur aldrei verið meiri en nú í þessum heimi kyrrsetunnar og þar af leiðandi er lífsnauðsyn að börnin geti varðveitt leikgleði sína. Hreyfingarreynsla og afstaða barna til iðkunar líkamsæfinga og leikja á leikskólaaldri hefur mikla þýðingu fyrir þau allt lífið. Við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir

<sup>35</sup> Björg Guðjónsdóttir og fl. 1998:12

<sup>36</sup> Þóra Þóroddsdóttir.2001.80-81

því að íþróttir barna þroska ekki einungis líkamlega eiginleika, því í samleik við önnur börn og fullorðna þroskast þau einnig andlega og líkamlega.<sup>37</sup>

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að börn hafi ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.<sup>38</sup>

Undirstöðuatriði í hreyfinámi barna er að þau nái fullkomnu valdi á hreyfingum sínum. Hreyfingin gerir barninu mögulegt að ná til hluta í umhverfinu og nýta sér þá. Ef barnið lærir að nota hreyfinguna sem tæki þá getur það fullnægt þeim þörfum sem umhverfið býður upp á. Sá möguleiki að geta hreyft sig frjálst er mikilvægur þáttur í þroska barnsins og einn sá mikilvægasti í að standa á eigin fótum sem sjálfstæður einstaklingur. Hreyfingin hefur í för með sér mikilvægar líffræðilegar þýðingar fyrir barnið. Í gegnum fjölbreytta hreyfingu lærir barnið að þekkja sjálft sig og skynja hina miklu möguleika sem hreyfingin býður upp á. Beinín, liðböndin og vöðvarnir styrkjast og hjarta og lungu þroskast vegna áhrifa hreyfingarinnar.<sup>39</sup>

Í leikskólum eiga börn að fá tækifæri til æfinga og leikja sem efla alla þroskaþættina. Hreyfinám er öllum nauðsynlegt, í hreyfileikjum læra börn að meta aðstæður. Þau læra að velja, hafna og þora. Leggja ber áherslu á að börn læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum.<sup>40</sup>

Á leikskólaaldri hefur barn ákafa þörf fyrir líkamshreyfingu. Það er eðli þessa aldurshóps að hreyfa sig og er í raun hið sama og leikur og tilbreyting. Aftur á móti getur þeim fundist kyrrsetur þvingandi og þreytandi. Í leikjum sínum reyna börn helst á hæfni sína í svonefndum grófhreyfingum eins og að hlaupa, stökkva, hanga og klifra. Sjaldan þarf að hvetja tveggja til sex ára börn til hreyfinga. Það er fremur ástæða til að halda hinum eðlislæga áhuga við og búa í haginn fyrir hagnýtan þroska þeirra. Börn á leikskólaaldri þurfa talsvert lengri tíma en fullorðnir til að átta sig á sjónáreiti, taka rétta ákvörðun og framkvæma síðan hreyfinguna. Þessi atriði hafa mikla þýðingu fyrir hreyfifærnina. Nánasta umhverfi barnsins hefur sérstaka þýðingu í þessu sambandi, ekki síst í umferðinni.<sup>41</sup>

Í hreyfileikjum öðlast börn jákvæða afstöðu til líkamsæfinga og fá skilning á líkama sínum, styrk og getu. Við það vex sjálfstraust þeirra og vellíðan. Samhæfing

<sup>37</sup> Karl Guðmundsson.1998:4

<sup>38</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19

<sup>39</sup> Janus Guðlaugsson.1992:14

<sup>40</sup> Jóna Lind Karlsdóttir og Jensína K. Jensdóttir.2000:60

<sup>41</sup> Engström, Lars-Magnus, Artur Forsberg og Erwin Apizsch.1987: 36-37

líkamshluta, jafnvægi og öryggi eykst. Í skipulögðum hreyfileikjum vinna börn saman í hóp til dæmis að skriða, klifra, hoppa, henda, grípa, hlaupa og sparka. Góð hreyfifærni hefur áhrif á líkamsþroska, snerpu og þol. Börn sem búa yfir góðri hreyfifærni og líkamsstyrk eiga auðveldara með að njóta bæði útiveru og gönguferða og kanna umhverfi sitt. Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir sem auka andlega og líkamlega heilsu og vellíðan barnanna. Veigamikill þáttur í líkamlegu uppeldi í leikskólum er útivist og hreyfing. Hollt er að hreyfa sig frjálst og óhindrað og geta hlaupið, stokkið, hoppað og klifrað.<sup>42</sup>

Leiktæki eru ávallt ágæt og vönduð, en ekki má gleyma því að börn eru náttúruleg afurð. Okkar manngerðu tæknilausnir megna aldrei að veita sömu möguleika og náttúran sjálf, sem skóp sín skilgetnu afkvæmi. Leikur barna í leiktækjum veitir ekki sömu fjölbreyttu líkamspjálfunina og klifur og brölt í hrauni, grjóti og órækt. Leikir á sléttu malbiki veita ekki sömu þjálfun og gangur og hlaup á ósléttu. Leiktækin og sléttu undirlagið gefur þannig aðeins hluta af líkamspjálfuninni sem náttúrulegt útsvæði gefur þá er að segja leikir í grasi og túni, brölt í grjóti og órækt, sull í grasi og mold og glíma við síbreytilegt umhverfi náttúrunnar. Börn þurfa óheft aðgengi að náttúrulegum svæðum sem eru án hinna hefðbundnu leiktækja.<sup>43</sup>

Það er ljóst að gott hreyfiuppeldi er mikilvægt hverju barni og framtíð þess. Í vettvangsferðum er hvert fótspor óþrjótandi uppspretta fjölbreyttrar hreyfingar, uppgötvunar og leikja fyrir börn og starfsfólk. Úthald og þol eykst jafnt og þétt hjá börnunum. Leikskólakennarinn þarf að vita hvaða líkamshluta hann er að þjálfa þegar hann ferðast með hópinn sinn um bæjarfélagið. Hvaða líkamshluta þjálfar ganga, hlaup, klifur í trjám og klettum, ganga í þúfum, ganga upp og niður tröppur eða hopp milli steina? Skilyrði til hreyfinga eru misjöfn á hverjum stað fyrir sig. Leikskólakennari þarf að nýta sér þá möguleika sem hver staður hefur upp á að bjóða. Hann þarf einnig að vera vakandi fyrir því að allir séu virkir og veita þá aðstoð og hvatningu sem þarf.<sup>44</sup>

---

<sup>42</sup> *Drög af Aðalnámskrá*. Tekið af netinu 10 feb 2005.

<sup>43</sup> Margrét Pála Ólafsdóttir. 1998:2

<sup>44</sup> Tjarnarsel.2002:20

## 5. Vettvangsferðir

Eins og fjallað var um í 1. kafla eru vettvangsferðir ein af þeim leiðum sem mikið hafa verið notaðar í umhverfismennt leikskólabarna. Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira.<sup>45</sup>

Taka þarf ákvarðanir um að kanna hvernig unnt er að nýta nánasta umhverfi leikskólans til vettvangsferða. Ferðir barna eiga að auðga og víkka reynsluheim þeirra og auka tengsl þeirra og skilning á samfélaginu og menningu.<sup>46</sup>

Markmið vettvangsferða með leikskólabörnum er að þjálfa og kenna þeim umhverfishugsun, sem felst meðal annars í að þau gefi umhverfi sínu gaum og efli hreyfigetu sína, sem kemur oft sjálfkrafa með þeirri hreyfingu sem vettvangsferðir gefa. Meginmarkmið vettvangsferða er að starfsfólk og börn verði meðvitaðri um umhverfi sitt og þá möguleika sem það býður upp á, til gagns og gamans. Kostir þess að nýta vettvangsferðir sem kennsluáferðir felast meðal annars í því.

- Að börn læri á áþreifanlegan hátt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu hvar sem þau eru.
- Að færa hluta af uppeldisstarfinu út fyrir leikskólann sjálfan.
- Að breyta viðhorfi og ímynd starfsmanna og barna gagnvart umhverfi bæjarfélagsins.
- Að gera leikskólastarfið sýnilegra.
- Að gefa börnum tækifæri til að takast á við hættur í umhverfinu.
- Að starfsfólk geti nýtt sér vettvangsferðir um opin svæði bæjarfélagsins sem leið til náms og uppgötvunar í leikskólauppeldi.
- Að gera börnum kleift að hreyfa sig úti í náttúrunni.
- Að njóta lífsgleði og hreyfingar í öllum veðrum.<sup>47</sup>

Í vettvangsferðum öðlast börn reynslu, þekkingu og þjálfun í að umgangast náttúruna, mannvirkin og samfélagið. Þau mynda tengsl, verða sýnilegri og meiri

<sup>45</sup> *Aðalnámskrá leikskóla. 1999:26-27*

<sup>46</sup> *Drög af Aðalnámskrá. Tekið af netinu. 15 okt 2004*

<sup>47</sup> Tjarnarsel . 2002:5

þátttakendur í hinu daglega lífi. Á ferðum um bæinn kynnast þau og fylgjast með störfum bæjarbúa. Útveran gefur börnum óendanlega möguleika til að skoða, rannsaka og upplifa árstíðabundnar breytingar í náttúrunni og umhverfinu. Börnum gefst einnig tækifæri til að njóta náttúrunnar bera virðingu fyrir henni án þess að taka meira en þau þurfa og fara vel með það. Í vettvangsferðum gefst gott tækifæri til að vekja athygli þeirra á því jákvæða og neikvæða í umhverfi okkar.<sup>48</sup>

Vettvangsferðir veita börnum ómælda útrás í leik og starfi og þar eru möguleikarnir óþrjótandi. Vettvangsferðir henta öllum börnum hvort heldur þeim orkumiklu eða þeim rólegu. Ferðirnar auka þor og kjark barna og styrkja um leið sjálfstraust þeirra. Börnin takast á við verkefni á eigin hraða og forsendum. Ég þori, ég get og ég vil. Í vettvangsferðum styrkjast vináttusambönd barna og starfsfólks, börnin sýna hvert öðru þolinmæði og tillitsemi, til dæmis með því að aðstoða félagan sinn í að klifra upp í tré eða fóta sig í klettum. Oft gefst góður tími í fróðlegar samræður þegar gengið er fram og til baka á áfangastað.<sup>49</sup>

Í upphafi leikskólagöngu barns er gott að byrja vettvangsferðir inni í leikskólanum sjálfum, það er að segja þegar hópurninn er orðinn nokkuð öruggur inni á sinni deild er hægt að fara ferðir í eldhúsið og í heimsókn á hinar deildirnar. Síðan er tilvalið að skoða og læra á leikskólalóðina og fá að spreyta sig á leikvellingum í ró og næði. Þegar litlu börnin eru orðin nokkuð örugg í sínum hópi og leikskólakennarinn hefur kynnst börnunum er hægt að fara út fyrir leikskólann í vettvangsferðir. Fyrst er gott að ganga í kringum leikskólann og smám saman að lengja ferðirnar og skoða hinn stóra heim fyrir utan leikskólann.

Verkefnavinna í sambandi við vettvangsferðir nær til flestra þátta í leikskólastarfinu. Það má segja að vinnan byrji strax að morgni á undirbúningi fyrir vettvangsferð. Það þarf að athuga bakpokann með börnunum, síðan er spjallað við morgunverðarborðið um ferðina sem farin verður. Í fataklefa líta börnin til veðurs og koma sér saman um hvernig sé best að klæða sig. Í listakrók er ætlunin að vinna úr hlutum sem börnin finna í vettvangsferðinni og þau gætu haft áhuga á að taka með sér heim í leikskólann. Í samverustundum er lesnar sögur sem gætu tengst ferðunum.

Mikilvægt er að hafa vettvangsferðirnar margvíslegar og í ólíkum tilgangi. Það kemur fyrir að við förum öll saman, en stundum í litlum hópum. Einn daginn erum við að leita að einhverju sérstöku til dæmis plöntum, dýrum, skuggum, stjörnum eða

---

<sup>48</sup> Staðardagskrá 21.2001:21

<sup>49</sup> Tjarnarsel.2002-17-18



Það er frjáls upplifun. Stundum förum við í örstutta ferð, stundum í lengri. Oft förum við á nýjan stað, en stundum förum við aftur og aftur á sama staðinn. Stundum er ferðin vel undirbúin en stundum er hún óundirbúin, ferðin getur líka verið skyndihugdetta. Ferðin getur verið beint framhald af fyrri ferðum, stundum til tilbreytingar. En alltaf til gagns og gamans.

## **5.1 Hlutverk leikskólakennara í vettvangsferðum**

Josep Cornell segir í bók sinni *Sharing Nature With Children* frá fimm leiðum sem vert er að hafa í huga þegar farið er í vettvangsferðir með börnum, en hann er þekktur fyrir að nota vettvangsferðir sem leið til að kynna umhverfið og náttúruna fyrir börnum. Leiðir Cornells eru þessar:

**Kenndu minna, gerðu meira.** Leikskólakennari á að deila með börnum eigin upplifun ásamt því að segja þeim frá grundvallarþáttum í náttúrunni, hvað sé blóm, tré, holt eða hellir. Deila með þeim hvernig hann dáir og virðir jólatrén sem hafa lifað veturinn og haldið sér grænum. Trúlega verða viðbrögð hjá börnum opnari og með frjálslegri hætti. Einnig að einlægari samskipti myndist milli barna og fullorðinna sem skapa virðingu og umhyggju fyrir náttúrunni.

**Vertu móttækilegur.** Mikil umbun felst í því fyrir leikskólakennara að hlusta og vera vakandi í starfi með börnum. Hann getur nýtt sér í kennslu ákafann sem útiveran gefur þeim. Leikskólakennarinn þarf að taka eftir og nýta sér tækifærin til samskipta sem gefast við hverja spurningu, athugasemd og upphrópun barnanna.

**Beindu athygli þinni inn á áhugasvið barnsins.** Kennarinn þarf að gera hvert barn að eins miklum þátttakanda og hægt er, með því að benda á og spyrja spurninga um áhugaverð hljóð eða önnur fyrirbæri í umhverfinu. Sum börn eru ekki vön að skoða náttúruna af athygli. Leikskólakennarinn getur fundið eitthvað í umhverfinu sem vekur áhuga þeirra. Einnig er mikilvægt að hann sýni áhuga á því sem vekur áhuga barnanna.

**Skoðið og upplifið fyrst, talið síðan.** Margt í náttúrunni vekur áhuga og oft vekja hversdagslegir hlutir meiri áhuga barna ef þeir eru skoðaðir í návígi. Hlutir og reynsla verður sterkari hjá börnum ef þau upplifa hana sjálf. Leikskólakennarinn ætti

ekki að hafa áhyggjur af því að vita ekki nöfn plantna og dýra því þau standa fyrir margt annað eins og ilm, lit og fegurð.

**Gleðin ætti að vera upplifun.** Börn eru fúsari til að læra ef kennslan fer fram á þeirra forsendum og með gleði og áhuga. Leikskólakennarinn þarf að hafa í huga að áhugi hans er smitandi og kannski helsti og besti kostur hans sem leikskólakennari<sup>50</sup>.

Leikskólakennari þarf að vera virkur þátttakandi án þess þó að vera í hlutverki stjórnanda. Hann þarf að vera tilbúin að taka þátt í og bera virðingu fyrir sjálfsprottnum leik barnanna og hafa að auki, líkt og börnin, gaman af því sem verið er að gera í hverri ferð. Leikskólakennari þarf að vera meðvitaður um þau áhrif sem hann hefur innan barnahópsins í vettvangsferðum. Hann þarf einnig að vera opinn fyrir þeim tækifærum sem gefast til uppgötvunar og upplifunar í vettvangsferðum. Að fanga augnablikið gefur nýja vídd í leik og starfi með börnum og vekur oftast en ekki gleði á hinu stóra sem hinu smáa. Leikskólakennari þarf að vera stjórnandi sem stýrir og gerir áætlanir og setur markmið fyrir hópinn, einnig þarf hann að ýta undir virðingu og sameiginlega ábyrgð innan hópsins. Hann getur ennfremur verið kveikjan að uppgötvunum sem verða að skemmtilegri reynslu hjá börnunum og sýnt eðlislægan áhuga á því sem verið er að gera. Þegar hugmyndir barnanna stangast á við hugmyndir leikskólakennarans þarf hann að komast að samkomulagi við börnin og bjóða þeim val.<sup>51</sup>

Leikskólakennarinn þarf að huga að ýmsum útbúnaði áður en haldið er af stað í vettvangsferðina. Ágætt er að hafa meðferðis bakpoka sem inniheldur ýmis nauðsynleg áhöld í slíkum ferðum Þar má nefna plastpoka sem hægt er að geyma í ýmsan fjársjóð sem finnst á leiðinni og ætlunin er að taka með heim í leikskólann. Sjúkrakassi með plástrum og einföldustu áhöldum er sjálfsagður hlutur í bakpokann. Ekki má heldur gleyma myndavélinni en hún er sjálfsagður hlutur í öllum vettvangsferðum.

Gaman væri svo að setja ferðasöguna í máli og myndum inn á heimasíðu leikskólans til fróðleiks fyrir fjölskyldur leikskólabarnanna.

---

<sup>50</sup> Cornell. 1979:11-14

<sup>51</sup> Tjarnarsel. 2002:12-13

## 5.2 Hugmyndir að vettvangsferðum

Í þessum kafla verður fjallað um nokkra áhugaverða staði í Reykjanesbæ sem henta vel til vettvangsferða og vert er að fara með leikskólabörn að heimsækja. Í upphafi verða staðirnir kynntir, gerð verður grein fyrir kostum hvers staðar og komið með tillögur um hvernig vinna megi með náttúru og umhverfi staðanna með leikskólabörnum. Einnig verða gefnar tillögur um á hvern hátt megi vinna úr ferðinni að henni lokinni.

### 5.2.1 Vatnsholt



Mynd 1 Börn að leik í Vatnsholtinu

Vatnsholtið stendur við endann á Tjarnargötu, það tekur um það bil tíu mínútur að ganga á staðinn. Vatnsholtið er víðfemt grjótholt með skógarlundi, villtum lággróðri, lyngi, mosa, plöntum og trjám. Holtið dregur nafn sitt af vatnstanki sem þar er. Skógræktarfélag Suðurnesja hefur umsjón með skógarlundinum. Svæðið er afar vinsælt til vettvangsferða á öllum árstímum.<sup>52</sup>

Ferð í Vatnsholtið gefur óendanlega möguleika til að skoða, rannsaka og upplifa árstíðabundnar breytingar í náttúrunni. Þegar komið er upp að svæðinu er vinsælt að hlaupa í gegnum trjálundinn og athuga hvort mikið sé af rusli eða einhverju sem hægt er að taka með til baka í leikskólann. Börn eru upptekin af umhverfinu og vilja hafa hreint og fínt í kringum sig, áður en farið er að leika sér. Tröllaleikir eru

---

<sup>52</sup> Tjarnarsel.2002:45

vinsælir í skógarreitum sem þessum, leikskólakennari getur byrjað að leika til dæmis hana Flumbru tröllkonu sem býr inni í skóginum og er að athuga hvort ekki séu að koma börn sem hægt er að leika við. Þá gæti komið skemmtilegur eltingaleikur sem þjálfar börn í hlaupum, klifri og samvinnu. Trjálundurinn gefur möguleika á því að huga og hlúa að honum. Börnin hafa það verkefni að hreinsa til í kringum litlu trén og gefa trjánum áburð svo þau lifi og dafni áfram. Þá gefst tækifæri til að athuga hvort ekki séu ormar á ferðinni sem hægt er að skoða og rannsaka. Leikskólakennarinn getur haft meðferðis bók um ánamaðkinn sem lifir á jurtum, aðallega blöðum sem falla til jarðar af trjánum, en ánamaðkurinn borðar líka mikið af mold. Til dæmis kúkar ánamaðkurinn á yfirborð jarðarinnar með því að reka afturendann upp úr holu sinni, þetta er gaman að vita. Það er hægt að taka einn eða tvo ánamaðka með heim í leikskólann til að skoða nánar en ekki má gleyma að fara með þá aftur á sinn stað. Á haustin gefst tækifæri til að tína köngla og laufblöð, á veturna að gera snjókarl handa Flumbru, gera engla í snjónum og ganga í sköflum. Á vorin að hreinsa til í kringum plönturnar, á sumrin er hægt að klifra í trjánum, fara í leiki, æfa sig í jafnvægisæfingum, því á svæðinu er grunnur að gömlum vatnstanki sem gott er að æfa sig á.

Hér á eftir mun ég benda á nokkrar hugmyndir um hvað er hægt að gera í Vatnsholtinu:

- Skoða trjátegundir og læra hvað trén heita. Vera með teiknipappír og liti svo hægt sé að teikna og lita tré og blóm, því ekki getum við tekið trén með okkur í leikskólann.
- Finna sér leynistað. Hver hópur getur átt sinn leynistað þar sem hann fer í einhvern sérstakan leik í hvert skipti sem hann fer á staðinn
- Tilfinningaganga, athuga liti, lögun, stærð á laufblöðum, trjám og skýjum. Leyfa ímyndunaraflinu að leika lausum hala.
- Tína laufblöð til að hafa með sér heim í leikskólann, haustin eru tilvalin tími til þess þegar trén eru að fella laufblöðin.
- Reyna að finna ummerki eftir dýr. Hvaða dýr skyldi eiga svona spor. Vera með bækur um skordýr því það eru helst þau sem lifa í Vatnsholtinu, til dæmis lifir köngulóin á öðrum skordýrum en flugan fær næringu úr blómasafa.
- Liggja og horfa upp í himninn, skoða fugla, flugvélar og ský. Það er gaman að skoða skýin, þau geta tekið á sig ýmsar myndir.

- Skoða svæðið í mismunandi veðri. Skoða hvernig umhverfið er í sól og hita eða snjó og frosti.
- Hvernig getum við æft okkur í klifri, hlaupum og stökkvum og klifri upp í tré?
- Fara með fuglafóður á veturna til að gefa smáfuglunum sem eru svangir yfir vetrartímann.
- Snerta og faðma tré. Hvað skyldi tréð vera gamalt? Gaman er að velta því fyrir sér og einnig hvað það eigi eftir að lifa lengi.
- Fara í leiki. Heppilegir leikir eru til dæmis. feluleikir, Eru sofandi Björn frændi, Mamma mamma má ég?
- Nota auðugt hugmyndaflug barnanna..

Að ganga um í náttúrunni gefur ýmis tækifæri til aukins þroska. Það þjálfar samhæfingu augna og fóta og skynjun líkamans. Það eflir þor og kjark barnanna ef þeim er leyft að prófa sjálfum. Ennfremur efla þessir þættir umhverfisvitund barnanna.

**Úrvinnsla:** Eftir að heim er komið er hægt að vinna á ýmsan hátt úr ferðinni. Skemmtilegt er að fara í laufadans en hann felst í því að laufblöðunum er dreift á gólfið og tónlist er sett í geislaspilarann. Börnin fara úr sokkunum og dansa á laufblöðunum og fá á þann hátt tilfinningu fyrir áferð laufblaðanna. Einnig er hægt að leyfa börnunum að fá tilfinningu fyrir hvernig vindurinn leikur við laufblöðin með því að blása á þau og láta þau fjúka.

Haustmyndir er hægt að búa til með því að leyfa börnunum að líma laufblöðin á pappír. Skemmtileg hugmynd er að leyfa þeim að búa sér til tré með því að mála pappírshólk undan eldhúsrúllu og líma í botninn á blómapotti. Laufblöðin eru síðan límd utan á hólkin og þar með er komið þetta fína tré. Einnig er skemmtilegt að leyfa börnunum að útbúa sjálfum pappír með þeim gróðri sem við höfum haft með okkur úr Vatnsholtinu.

Sjálfsagt er að skoða bækur og stofna til umræðna um dýrin sem eiga heima á svæðinu, eins og ánamaðka, köngulær og mýs. Þá má ekki gleyma tröllunum, en bæði er hægt að skoða bækur um þau og ræða um þau.

## 5.2.2 Nónvarðan



Mynd 2 Börn að leik í Nónvörðunni

Nónvarðan stendur á milli tveggja gatna sem heita Smáratún og Hátún. Það tekur okkur um það bil fimmtán mínútur að ganga á staðinn. Nónvarðan er holt með nokkuð háum klöppum, nafnið er dregið af stórri og mikilli vörðu sem stendur efst uppi í holtinu. Inn á milli klettanna vex gras og villtur lággróður.

Fyrir á öldum var töluverð vegalengd að ganga frá þorpinu upp að vörðunni. Til glöggvunar var hægt að sjá eyktar eða dagsmark frá gamla Keflavíkurbænum sem talið er að hafi staðið á Duustúni. Þegar sólin skein á holtið var „nónbil“ kl. 15:30 – 16:30. Sunnan við vörðuna voru stakkstæði þar sem vaskaður var saltfiskur og hann sólþurrkaður. Árið 1973 var varðan endurbyggð af Rótaryklúbb Keflavíkur.<sup>53</sup>

Há varðan er ögrandi og hvetur börn til afreka í klifuríþróttum. Fáir staðir í bæjarfélaginu bjóða jafn víðáttumikið og stórkostlegt útsýni eins og af vörðunni. Það nær yfir Reykjanesbæ, fjallgarð Reykjannesskagans, Keili, Þorbjarnarfell, Esjuna og Akrafjallið svo eitthvað sé nefnt.<sup>54</sup>

Nónvarðan býður upp á ýmsa kosti í skemmtilegum viðfangsefnum meðan staldrað er við. Það er mikil kjarkæfing að klifra upp á vörðuna og niður aftur, sem getur verið erfiðra en að fara upp. Það getur verið gott fyrir leikskólakennarann að hafa reglu á því að börnin fari sjálf upp en fengju hjálp niður þar til þau treysta sér sjálf. Góð líkamsæfing er að hoppa á milli klappanna, og fara í eltingaleiki. Sjálfsagt er að nýta tækifærið á stað sem þessum og fræða börnin um útsýnið, benda þeim hvað fjöllin heita, sýna þeim hvar Vogarnir eða Reykjavík eru sem sést vel í góðu skyggni.

<sup>53</sup> Tjarnarsel. 2002:49

<sup>54</sup> Tjarnarsel. 2002:49

Í klöppunum er gaman að útbúa tröllasúpu úr því sem finnst á staðnum í pollunum sem staldra við í steinunum. Dýraspor og skrýtnir steinar finnast á Nónvörðunni og gaman er að fara þangað á öllum árstíðum

Hugmyndir um hvað hægt er að gera á Nónvörðunni.

- Hægt er að klifra í vörðunni en klifur er kjörin leið til að efla samhæfingu hugar, handa og fóta. Einnig má skoða framfarir frá síðustu heimsókn. Hversu hátt getum við klifrað í dag? Komumst við hærra en síðast?
- Hægt er að fara í ýmsa leiki. Það má fara í leiki sem tengjast ævintýrum, álfum og tröllum. Finna má tröllahús, tröllaskarð og fleira. Einnig má fara í ýmsa náttúruleiki, til dæmis. finna orð sem tengjast steinum, steinhjarta, steindauður, steinefni steintröll, og svo framvegis. Í tengslum við það má fjalla um málshætti og orðtök sem tengjast steinum. Vita börnin til dæmis hvað það merkir „að vera milli steins og sleggju“ eða „að berja höfðinu við steininn“?
- Náttúru- og dýraskoðun er hægt að stunda á staðnum. Finna má út hvaða dýr halda sig þar, hvers konar gróður vex þar og fleira. Tilvalið er að hafa með sér bækur um gróður, fuglalíf og jafnvel skordýr og reyna að finna út hvað blómin, fuglarnir og skordýrin sem ber fyrir augu heita.
- Gaman getur verið að taka með sér vatnsliti til að mála á klappirnar og skoða síðan næst hvort eitthvað sé eftir af málningunni, einnig er hægt að vera með pappír til að mála á. Í tengslum við það má fjalla um ýmislegt er tengist mengun náttúrunnar og hringrás og fleira. Á veturna er svo kjörið að taka með fuglafóður til að fóðra smáfuglana.

Í ferðinni getum við leikið okkur að því að vera líffræðingar, fornleifafræðingar eða sagnfræðingar það fer allt eftir því hvað við erum að skoða. Einnig getum við verið íþróttfræðingar því við erum að æfa okkur í hreyfifroskanum með klifri og leikjum. Aðalmarkmið okkar er að hafa gaman saman, efla hreyfifærni og umhverfismennt barnanna og veðrið skiptir ekki máli því alltaf er gaman að sjá hvernig hver staður lítur úttil dæmis í roki, rigningu, sól og blíðu eða þegar snjórinn er yfir öllu.

**Úrvinnsla:** Hægt er að vinna á ýmsan hátt úr ferðinni. Halda áfram að mála myndir af svæðinu nú eftir minni og skoða síðan muninn á myndunum sem málaðar voru á Nónvörðunni og svo þær sem málaðar voru eftir minni í leikskólanum.

Lesu bækur um tröll og syngja tröllalög. Skoðu og lesu bækur um náttúruna, athuga hvort við finnum svipuð eða eins dýr og plöntur í bókum eins og voru á staðnum. Setja upp stöðvaþjálfun sem eru ákveðnar æfingar í stuttan tíma í einu. Þá eru leikfimi hlutir eins og hringir, dýnur, keilur og fleira eru settir upp í sal og börnin skipta sér í hópa og eru á hverjum stað í fimm mínútur.

### 5.2.3 Hrauntúnsholt



Mynd 3 Hrauntúnsholtið

Hrauntúnsholtið er kallað því nafni vegna legu þess á milli tveggja gatna, Hrauntúns og Tjarnargötu. Holtið er lítið með lágum klöppum, litlum grasböllum og íslenskum lággróðri, mikið er af lúpínu þar á sumrin, einnig er svolítið berjalýng í holtinu.<sup>55</sup>

Hrauntúnsholtið býður upp á ýmis tækifæri í leik og starfi. Þangað er um það bil fimm mínútna ganga. Þetta er afar skemmtilegt útvistarsvæði þó ekki sé það stórt um sig því þar gerist margt fróðlegt og skemmtilegt. Börnum finnst skemmtilegt að fara og hoppa milli klappa. Þau hafa gaman af að fara í leiki sem arkitektar því þau sjá ýmislegt í klöppunum sem við fullorðnir sjáum ekki fyrr en okkur er bent á. Úr steinum og klöppum skapa þau þessi fínu eldhús, góð sófasett og rúm svo oftast eru hér komin þessi fínu einbýlishús þar sem pabbar, mömmur og börn búa, hvort sem það eru manna börn eða börn huldufólks að leik. Á holtinu er tilvalið að greina plöntur og smakka á lúpínum og berjum. Oft þarf að tína upp rusl sem fýkur til, því leiðinlegt er að hafa þennan fallega stað allan í rusli.

---

<sup>55</sup> Tjarnarsel.2002:39



Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir um hvað hægt er að gera í Hrauntúnsholtinu:

- Gott er að hafa stækkunarglerið í bakpokanum góða, því margt forvitnilegt leynist hér sem gaman er að stækka og skoða nánar.
- Lyktarskynið er hægt að prófa með því að finna lykt af lúpínum og berjum. Lúpínan er afar falleg yfir sumartíman og gaman er að taka fræ úr henni og setja niður í mold. Á haustin er kjörið að tína ber til að setja út á skyrið.
- Hægt er að æfa hreyfingu með hoppi milli steina og klappa, hægt er að hafa fyrir reglu að ekki má snerta grasið og blómin. Finna tilfinningu með því að athuga hvort klappirnar eru heitar eða kaldar.
- Hér búa mörg og skemmtileg smádyr sem vert er að skoða nánar þegar heim í leikskólann er komið, en nauðsynlegt er að skila smádyrunum aftur á sinn stað.
- Hægt er að fara í skemmtilega leiki eins og „Bimm bamm“ og „Ertu sofandi Björn frændi“
- Álfasögur sagðar í einu „sófasettinu.“ Það gæti nú verið að álfafjölskylda ætti heima í einum klettinum. Láta ímyndunaraflið leika með okkur. Hægt er að fara í ýmsa sjálfssprotna leiki eins og til dæmis að fela hlut. Það má vera með stein, fela hann og láta svo börnin leita að honum. Gott er að gefa þeim vísbendingar við leitina, segja þeim hvort þau eru heit eða köld. Klettaklifur má stunda á þessum stað þá stendur leikskólakennari upp á einum steininum með reipi sem hann hefur haft meðferðis í bakpokanum, og börnin æfa sig í klettaklifri..

Með þessum hugmyndum er verið að efla og þroska umhverfisvitund barnanna og auka hreyfigetu þeirra. Það felst í göngu á staðinn, hoppum og hlaupum og jafnvægisæfingum í grjóti og klöppum, náttúru og dýraskoðun á staðnum og kraftgöngu aftur í leikskólann. Það er ekkert nema gleði og ánægja sem fylgir í svona ferð.

**Úrvinnsla:** Fela hlut. Til dæmis má nota stein sem fannst í holtinu og finna muninn á að fela hlut inni eða úti því það er aldrei eins að vera úti í náttúrunni eða inn í lítilli stofu í leikskólanum. Nýta afrakstur ferðar í listaverk. Útbúa holtið inni í sal og halda áfram með æfingar og klifur. Halda áfram að lesa og segja álfasögur. Skoða og rannsaka blóm og fræ með víðsjá og stækkunargleri. Mikill munur er á fræi sem sést

með eigin augum eða það sem sett er í víðsjá eða skoðað í gegnum stækkunargler. Einnig er gaman að skoða bækur um náttúruna eins og til dæmis bækurnar „Komdu og skoðaðu.“ Setja má lúpínufræ í mold og fylgjast með framvindu mála. Plöntur þurfa loft, vatn, sól og jörð til að geta þær vaxið en þær geta líka vaxið inni ef við gefum þeim mold og vatn.

#### 5.2.4 Smábátahöfnin og Svarti skúti



Mynd 4 Smábátahöfnin í góðu veðri.

Það er margt merkilegt sem fyrir augu ber á leiðinni niður í Gróf sem er það svæði sem liggur við sjóinn vestast í bænum og þar er að finna meðal annars smábátahöfnina, Svarta skúta sem er lítill hellisskúti og hlaðinn grjótgarð. Leiðin þangað er í gegnum gamla bæinn í Keflavík þar sem eru hlaðnar götur og gömul uppgerð hús og gefa oft tilefni til spurninga á leiðinni.

Hugmyndir að viðfangsefnum í vettvangsferð í Grófina eru allmargar og ýmislegt hægt að gera þar í umhverfismennt og hreyfingu. Á góðum degi getum við hitt fyrir sjómenn sem eru að koma úr dagróðri með aflann sinn og fengið að vera með í uppskipun og fengið fisk með heim í soðið eða til rannsóknar, en þarna verður að fara um með varúð. Út við Svarta Skúta er spennandi að vera í leik. Stundum er búinn til bátur og farið í sjómannaleik, klifrað í grjótgarðinum og inn á milli holóttra steina er hægt að finna skemmtileg göng. Hægt er að vera landkönnuðir því

sjóndeildarhringurinn er stór þegar staðið er upp á grjótgarðinum með aðstoð leikskólakennara. Því þá blasir Esjan og sjórinn í öllu sínu veldi. Þar má líka sjá báta sem eru að sigla heim eftir veiðidaginn. Inn á milli steinanna eru krabbar og skeljar sem gaman er að fara með heim í leikskólann til nánari skoðunar og krabbana er hægt að setja í sjóvatn til að athuga hvort þeir eru á lífi.

Hér á eftir koma hugmyndir að því sem hægt er að fást við í ferð að smábátahöfninni og Svarta Skúta:

- Ýmislegt er hægt að sjá í klettunum í Skútanum, allskyns myndir sem ímyndunaraflið fær að leika við, til dæmis trölla og álfamyndir.
- Skoða sjóinn, hann getur verið misjafn, hann getur verið blár eða grár, úfinn eða lygn.
- Hlusta á hljóð hafsins. Hljóðin eru misjöfn eftir því hvort sjórinn er úfinn eða sléttur. Einnig eru hljóð fuglanna sem eiga heima við og í sjónum, merkileg. Tilvalið er að hafa með bækur um sjóinn og lífið í honum.
- Eiga sjómenn fyrir vini, þegar bátarnir eru að leggja að. Gaman er að spjalla við þá og fá að sjá aflann og aðstoða við uppskipun og fá einn eða tvo þorska með heim í leikskólann. Útbúa og senda flöskuskeyti, hægt er að biðja sjómennina að kasta því í sjóinn fyrir okkur.
- Klifra og hoppa í steinum. Klettarnir eru skemmtilegir með öllum sínum göngum og útskotum. Hægt að finna sér leynibústað, vera með vasaljós til að kíkja á milli steina.
- Hlaupa upp um grænar flatir túnsins á Berginu og rúlla sér niður aftur.
- Það er mikil kjarkæfing sem felst í því að fara upp á grjótgarðinn og fara inn á milli steinanna. Leikskólakennarar verða þó að fara með varúð um þetta svæði.

**Úrvinnsla** Gott er að æfa jafnvægið í salnum, útbúa stöðvahring eftir fyrirmynd úr náttúrunni. Til dæmis þá er miðjan sjórinn þar sem hvalirnir synda, aðrir að passa að hvalirnir nái þeim ekki. Setja upp söngleik um Alla, Palla og Erling sem eru þrír vinir sem við höfum lært að syngja um og bjóða hinum börnunum á sýningu. Börnum finnst spennandi að útbúa flöskuskeyti. Það er hægt að skrifa með þeim bréf og leyfa þeim síðan að skrifa nöfnin sín undir og fá síðan sjómennina til að kasta því í sjóinn í næsta túr. Rannsaka þorskinn með víðsjá og kryfja hann til skoða beinin og augun. Sumir vilja eflaust ekki snerta fiskinn og sumum finnst lyktin ekki góð en þá

er gott að geta verið áhorfandi. Hægt er að styðjast við veggspjald með myndum af fiskum ef leikskólinn á eitt slíkt.

Hér mun fylgja texti við lagið um Alla, Palla og Erling.

Alli, Palli og Erlingur þeir ætla að fara að sigla  
vantar vænan bát en vita afbrags ráð.  
Þeir fundu gamalt vaskafat sem farið var að mygla  
sigla út á sjó og syngja hæ, hæ hó  
Seglið var úr afar gömlum undirkjól,  
mastið það var skófluskraft og skútan lak og valt  
og hæ og hó og hæ og hó og hí  
En skítt með það við skulum komast fyrir því.

### 5.2.5 Bátasafn Reykjanesbæjar og gamli bærinn



Mynd 5 Börn í sögustund í bátasafninu



Mynd 6 Börn að leik við Baldur

Þekking á því liðna er einn þáttur umhverfisvitundar. Því er nauðsynlegt að kynna fyrir börnum sögu hvers bæjarfélags fyrir sig og umhverfið gefur tilefni til að ræða við og segja börnunum frá því hvernig hlutirnir voru um aldamótin 1900. Til dæmis voru börnin í Keflavík um aldamótin 1900 að leika sér í Kýlubolta og Yfir, París, Gluggapara og Sto eins og önnur börn. Leiksvæðin voru allt um kring, engir rólúvellir, heldur óspillt náttúran sem var trúlega sú hollasta félagsmiðstöð sem hugsast getur.<sup>56</sup>

<sup>56</sup> Bjarni Guðmarsson. 1997:249

Gaman er velta fyrir sér af hverju öll húsin eru röndótt (bárujárnklaedd hús). Þá var ekki rafmagn, ekkert rennandi vatn, bara brunnur til að sækja vatnið í. Ágætis hreyfipjálfun fyrir líkamann er að ganga á staðinn sem tekur um það bil tíu til tuttugu mínútur eftir því hve hratt er farið yfir. Einnig er tilvalið að æfa jafnvægið með því að ganga á hlöðnum köntum og stökkkraftinn má æfa með því að stökkva á milli þúfna og yfir holurnar í gamla Keflavíkurbænum

Bátasafn Gríms og báturinn Baldur KE 97 eru í Grófinni eins og smábátahöfnin. Bátasafnið er staðsett í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum en um þau segir þetta:

Bryggjuhús var reist sem Pakkhús af Hans Duus á fyrrihluta ársins 1877. Nafnið Bryggjuhús kom til af því, að út frá miðju húsinu sjávarmegin var bryggja þar sem allur varningur til og frá versluninni fór um. Mikil viðbygging var byggð norður af húsinu um 1890 en þar hafði áður verið afgirt port. Árið 1917 hóf Elínmundur Ólafs, eigandi Keflavíkur, að reka fyrsta kvikmyndahúsið í Keflavík í viðbyggingunni við Bryggjuhúsið. Enn er hægt að sjá merki þessa. Húsin eru friðuð og í eigu Reykjanesbæjar og hýsa þessi hús Listasafn Reykjanesbæjar.<sup>57</sup>

Baldur er skip sem smíðað var 1960 og var lagt fyrir nokkrum árum. Eigandi þess Ólafur Björnsson fékk þá hugmynd að setja hann á land og gera hann upp sem einn af sýningagripum Bátasafnsins. Í dag er hann staðsettur við smábátahöfnina bak við Bátasafnið. Baldur er vinsæll meðal leikskólakarna. Það að fara um borð og fara í sjómannsleik, fá að fara upp í brú og taka í stýrið er bæði fræðandi og skemmtilegt. Það er brattur stigi upp í brúna og leikskólakennarinn verður að vera tilbúinn að aðstoða börnin þar upp því það er kjarkæfing að komast þangað.

Hugmyndir að viðfangsefnum í vettvangsferð í bátasafnið, Baldur og gamla Keflavíkurbæinn eru margvíslegar. Að fara með hóp í Bátasafnið með leiðsögn er fræðandi og skemmtilegt. Börnin fá leiðsögn um safnið þar sem allar gerðir bátalíkana og skipa eru til, eins eru börnunum sagðar þjóðsögur um það sem gerðist fyrr á öldum. Gaman er að sjá hvernig safnstjórar tengja nútímann við fortíðina og gera hana ljóslifandi fyrir börnunum. Börnin gera sér grein fyrir hvernig árabátarnir voru í gamla daga og hvernig stakkstæðin voru í fjöruborðinu. Í safnaferð þurfa börnin að sýna þolinmæði og kurteisi en það er gaman að sjá hvað þolinmæði og áhugi eiga oft vel saman.

Dæmi og hugmyndir um viðfangsefni í vettvangsferð um gamla bæinn og Bátasafnið:

---

<sup>57</sup> Tjarnarsel.2002:59

- Það er fræðandi og skemmtilegt að ganga á staðinn, og fræðast um gamla bæinn. Elsta byggð Keflavíkur stendur við Vesturgötu, Íshússtíg, Brunnstíg, Vallargötu og Hafnargötu.
- Fræðsla um gömlu munina og myndirnar í Bátasafninu með leiðsögn safnvarðar. Hann er duglegur við að fræða börnin um þjóðsögur tengdar bátunum einnig um allar myndirnar af fólki sem er að vinna í fiski eða dreifa fiskinum á stakkstæðin.
- Pétur Pan og sjóræningjaskipið. Fá leyfi safnvarðar til að fara um borð í skipið Baldur og þykjast vera sjóræningjar og Pétur Pan eða þá að vera íslenskir sjómenn að veiða í soðið. Einnig er gaman að fara upp í brú til að skoða stýrið og snúa því dálítið.
- Það er spennandi að kíkja niður í lestina til að sjá hvert fiskurinn var settur þegar búið var að veiða hann. Svo er akkeri og skrófa undir Baldri sem vert er að skoða nánar. Í sameiningu er hægt að komast að því til hvers akkerið er notað og að skrófan er til þess að knýja bátinn áfram.
- Hvaða lykt finnum við um borð í Baldri? Er kannski enn olíulykt eða fiskilykt? Það er örugglega fiskilykt vegna þess að Baldur er staðsettur niðri á höfn og þar er alltaf fiskilykt
- Hafa samband við Grím bátasmið og Ólaf bátaeiganda og fá fræðslu um báta. Vera með bækur um skip og báta sem gaman er að skoða um borð í Baldri.
- Lesa á götukort og á húsanöfn á leiðinni. Það er æfing í að lesa því alls staðar er lesmálið sýnilegt, einnig að vera með blað og blýant meðferðis til að æfa sig að skrifa.
- Teikna og mála, því það er hægt að vera með vatnsmálingu og liti inni í bátasafninu og mála eftir fyrirmyndum.
- Tína flöskur og rusl á leiðinni því við viljum hafa umhverfið hreint og svo er gaman að safna flöskum sem farið er með í endurvinnslu.


**Úrvinnsla:** Rifja upp og ræða um ferðina, skoða bækur tengdar ferðinni, teikna og mála báta eftir myndum og smíða skip úr spýtum. Hægt er að fara í Bykó og fá gefins afgangspýtur til að smíða úr. Það er áhugavert að fá bátasmiðinn í heimsókn í leikskólann eftir heimsókn í safnið og fá fræðslu um smíði bátalíkana.

Skoða myndir af gömlu húsunum og lesa sögur tengdar þeim því í *Sögu Keflavíkur* er að finna margar skemmtilegar endurminningar tengdar gömlu húsunum. Hægt er að útbúa eftirlíkingu af Baldri úr einingakubbum og hafa myndir til hliðsjónar. Inn í úrvinnsluna er vert að fara í vettvangsferð í endurvinnsluna með flöskur sem hafa safnast í ferðum og gefa Þroskahjálp peningana og láta gott af sér leiða í leiðinni.

### 5.2.6 Fjaran í Innri Njarðvík –Stekkjarkot



Mynd 7 Fjaran í Innri-Njarðvík



Mynd 8 Stekkjarkot

Hér er ætlunin að fara í ævintýrlegar vettvangsferðir um sjávarsíðuna í Reykjanesbæ. Nú er það fjaran í Innri Njarðvík sem við ætlum að skoða og ferðast um.

Þegar farið er í lengri vettvangsferðir er nauðsynlegt að hafa góðan tíma og vera með strætisvagnaferðir á hreinu. Nauðsynlegt er fyrir okkur sem erum í leikskóla í Keflavík að taka strætisvagn í fjöruna í Innri Njarðvík. Það tekur okkur um það bil tuttugu mínútur að komast á staðinn. Við förum út á þeim stað sem heitir Narfakot og þaðan er stutt ganga í þúfum að fjörunni. Það er mikið af stórgrýti þegar komið er í fjöruna og háir grjótgarðar en þegar lengra er haldið komum við að grjótklöppum og sandfjöru með frábæru útsýni yfir hafið að Njarðvík og Keflavík.

Áður en farið er í fjöruna er góð hugmynd að nota samverustundir til að lesa um lífríki fjörunnar, bátasögur, syngja og læra söngva um sjóinn. Kenna börnunum hvort er fjara eða flóð, á fjöru er hægt að vaða langt út á sjó en ef það er flóð verðum við að halda okkur í fjöruborðinu. Stundum verða börnin blaut í fæturna og segja „vá ég drukknaði á tánum.“ Börnin eru upptekin af þeim hlutum sem þau finna í fjörunni sem getur verið frá litlum kuðungum, rekavið og upp í stórar netadræsurlur.

Allt þetta er tekið með heim í leikskólann og unnið með það þar. Hægt er að mála rekaviðinn, jafnvel útbúinn sjókrókur þar sem allt er notað eða börnin klæða sig í pollagalla og stígvél til að líkjast sjómönnum sem mest.

Tilvalið er að heimsækja Stekkjarkot í heimleiðinni en það er gamall torfbær sem byggður var á árunum 1856-1860 en endurbyggður 1993<sup>58</sup>. Þar er margt fróðlegt að sjá, gamlir munir og grjóthleðslur. Þar geta börnin gert sér í hugarlund hvernig fólk bjó í gamla daga.

Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir að viðfangsefni í vettvangsferð í fjöruna.

- Ræða um rekavið, segja sögu um hvernig hann komst til Íslands. Rekaviðurinn sem kemur til Íslands kemur oftast frá Rússlandi. Hann hefur ferðast langa leið og lent í mörgu skemmtilegu. Eflaust hefur hann lent í allskonar veðri og hitt sjávardýr í hrönnum.
- Fræðast um muninn á fjöru og flóði. „Fjaran er eiginlega hvorki í sjó né á landi. Tvisvar á sólarhring leggur hafið hana undir sig. Tvisvar á sólarhring lætur það hana landinu eftir.“<sup>59</sup>
- Hlusta á hljóð hafsins, í roki eða logni, því í vettvangsferð skiptir ekki máli hvort veðrið er gott eða slæm, það er alltaf jafn gaman hvort sem manni er kalt á höndunum eða getur verið húfulaus.
- Fræðast um fuglana sem búa í og við sjóinn, athuga hvaða fuglar eiga heima í fjörunni. Vera með bækur tengdar fuglum í fjöru, finna út hvað þeir borða og hvað þeir heita.
- Fara í fjársjóðsleit því margt forvitnilegt finnst í fjörunni. Eins og við segjum þá dettur ýmislegt úr skipunum sem sigla um heimsins höf. Nauðsynlegt er að vera með poka til að tína rusl því sumir segja að sjórinn okkar sé eins og ruslakista. Fullt er af kuðungum og skeljum í fjörunni og annar fjársjóður sem vert er að skoða og taka með heim í leikskólann.
- Spennandi er að vera með kíkni til að athuga hvort við sjáum hvali. Á góðum degi er hægt að sjá háhyrninginn „Keikó“ ef við horfum nógu lengi.
- Það er mjög spennandi að fara í sjósturtu. Í roki þá getur sjórinn gengið yfir fjöruna og gaman er að láta hann skvetta yfir sig. Það er oftast mest

<sup>58</sup> Byggðarsafn Reykjanesbæjar.1994

<sup>59</sup> Torfi Hjartarson.1990:43.



spennandi ef rok er, að láta sjóinn ganga yfir sig og fá saltbragð í munninn og verða rennandi blautur.

- Það er hægt að finna fullt að flötum steinum í fjörunni sem gaman er að kasta út í sjó. Hægt er að kenna börnunum að fleyta kerlingum og margir skemmtilegir steinar eru í fjörunni sem vert er að taka með heim í leikskólann og vinna áfram með.
- Það er gaman að setjast niður með börnunum og ræða um það sem fyrir augu ber.

**Úrvinnsla:** Við rifjum upp ferðina, hvað við sáum, hvað við gerðum. Við skoðum það sem við komum með til baka og hvað við getum unnið úr því. Eins og til dæmis gert listaverk úr kuðungum og skeljum og fest það á netadræsu úr fjörunni og hengt það upp á vegg í listasmiðju.

Hægt er að kenna börnunum ljóð tengt sjó og fjöru eins og; Fuglinn í fjörunni. Útbúa tröll úr steinum sem við komum með til baka. Hafa sjókrók í boði með fjársjóðnum úr ferðinni. Þau geta sjálf sett upp krókinn eftir sinni fyrirmynd.

### 5.2.7. Tröllin í Reykjanesbæ



Mynd 9 Tröll í návígi.

Tröllin hafa verið sett niður á nokkrum áhugaverðum stöðum í bæjarfélaginu, börnum til mikillar ánægju. Tröllin ýmist standa og horfa hvort á annað, eða þau standa og horfa yfir sjóinn. Sums staðar eru þau sem fjölskylda uppi á hæð eða niður við sjó.

Þegar farið var að breyta sjógarðinum í Reykjanesbæ féll til mikið af klöppum. Eldri maður hér í bæ fékk þá hugmynd að útbúa tröll úr klöppunum og fékk hann leyfi bæjaryfirvalda til að stinga þeim niður hér og þar í bænum og eru flest þeirra við sjávarsíðuna og setja skemmtilegan svip á bæinn.

Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir að tröllaskoðunarferð:

- Byrja á því heima í leikskólanum að lesa saman bækur um tröll og syngja saman tröllalög eins og: Hérna búa nokkur risatröll og Hátt upp í fjöllum þar búa tröllin.
- Fræðast um orð tengd steinum eins og steingervingur, steinhissa, Steinunn. Spyrja spurninga. Hvaðan koma steinarnir? Geta steinarnir talað? eru til álfasteinar? Getum við verið eins og steinar? eru þeir heitir eða kaldir?
- Velta fyrir sér hvort einhver munur sé á tröllunum eftir því hvaða árstíð er sumar, vetur, vor eða haust.
- Gaman væri að hitta listamanninn, fá hann með í ferð til að kynna tröllin fyrir okkur og segja frá hugmyndum sínum gagnvart tröllunum.
- Skoða tröllin og sjá ýmsar myndir úr þeim. Hægt er að fara í hlustunarleiki og athuga, hvað við heyrum kannski fuglasöng? Hljóð frá flugvélum. Heyrum við í grasinu? Já það gæti verið ef það er vindur.
- Hægt er að nota tröllin til að klifra í, til að kíkja á til dæmis nefið. Það felst mikil æfing og þor að klifra upp á tröllin, oft þarf leikskólakennari að vera viðbúinn að aðstoða börnin niður þegar þau hafa kíkt til dæmis á nefið.
- Skrá ferðina með börnunum, þeim finnst gaman að rifja upp ýmis atvik sem gerast í ferðunum sem vert er að skrá með þeim.

**Úrvinnsla:** Eftir ferð getur tekið frá einum degi upp í margar vikur: Útbúa tröll úr steinum, skoða og lesa bækur um tröll og hægt er að fara í tröllaleik í sal þar sem stöðvaþjálfun er notuð og einn getur verið tröll á leið í bæinn að hitta börnin. Skoða myndir sem teknar voru í ferðinni, umhverfislistaverk útbúið. Velta fyrir sér umhverfishljóðum heima í leikskólanum heyrum. við sömu umhverfishljóð í leikskólanum, móanum og fjörunni. Vinna má með einingakubba og útbúa tröll úr þeim. Einnig er hægt að mála tröll eftir fyrirmyndum.

## Lokaorð

Tryggja þarf börnum góðan grunn í samfélaginu og þar gegnir leikskólinn lykilhlutverki. Mikilvægt er að leikskólinn nýti sér þann grunn til markviss og uppbyggilegs starfs með börnum í umhverfismennt og hreyfingu fyrir framtíðina.

Leggja þarf áherslu á umhverfismennt og hæfileikann til að njóta umhverfisins og er leikskólinn tilvalin staður til að hefja þá kennslu. Börn eru áhugasöm um umhverfi sitt og verða fljótt meðvituð um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna. Umhverfismennt og umhverfisvænar lífsvenjur munu skipta máli í leik og starfi í framtíðinni. Með því að leggja áherslu á umhverfismennt í daglegu starfi í leikskólanum er verið að stuðla að því að umhverfismennt verði hluti af lífi barnanna. Vitund uppvaxandi kynslóða skiptir miklu máli, börn eru þekkingaberar framtíðarinnar. Það er á ábyrgð okkar að skila móður jörð eins hreinni og kostur er fyrir komandi kynslóðir.

Það barn sem örvað er til hreyfingarska fær betri líkamsþroska. Líkaminn aðlagast eftir þeirri hreyfingu sem hann fær. Flest börn hafa innbyggða þörf fyrir að hreyfa sig og hafa gaman af því. Mikilvægt er að byrja snemma að örva börn til hreyfinga og kemur þá leikskólauppeldið og vettvangsferðir sterkt inn, því þar er kjörið tækifæri til að leggja inn mikilvægi hreyfinga. Ég vonast til þess að í framtíðinni muni hver leikskóli á landinu sjá sér fært að hafa skipulagða hreyfingu af einhverju tagi inni í sinni leikskólanámskrá.

Ég tel að með markvissum vettvangsferðum nýtum við nánasta umhverfi leikskólans til að efla umhverfisvitund og hreyfingu leikskólabarna með jákvæðum hætti. Það er verið að efla barnið sem sjálfstæðan einstakling sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Hægt er að vinna að umhverfismennt og hreyfingu hvar og hvenær sem er, í hvaða veðri sem og á öllum árstíðum. Að fylgjast með börnum sem unnið hefur verið markvisst með í umhverfismennt og hreyfingu í vettvangsferðum er gaman. Þau eru örugg úti í umhverfinu, öflug og öguð í öllum hreyfingum. Ég tel að börn sem hafa dvalið í leikskólasamfélagi þar sem vettvangsferðir og hreyfing er inn í skipulagi leikskólans fari sterk út í samfélagið. Börnum líður vel þegar þau geta eitthvað sem þau gátu ekki áður, til dæmis klifrað í grjóti. Einnig þegar þau uppgötva eitthvað nýtt í umhverfinu. Velliðan tengist bættri sjálfsmynd og börnum finnst allt merkilegt sem þau eru að gera.

Í ritgerðinni eru gefnar upp mismunandi leiðir til að kynnast umhverfinu og stuðla að aukinni hreyfingu barna, einnig er bent á hvernig hægt er að tengja þær við starfið í leikskólanum.

Í byrjun lagði ég af stað með þá spurningu í huga hvort hægt sé að nýta nánasta umhverfi leikskólans til að efla umhverfisvitund og hreyfingu leikskólabarna. Ég tel mig vera búna að færa fyrir því rök að það sé hægt og vil með þessari ritgerð leggja til aukna umræðu og áhuga á umhverfismennt og hreyfingu innan leikskólasamfélagsins.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Armstrong. Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Erla Kristjánsdóttir þýddi.  
Reykjavík, JPV útgáfa.

Bjarni Guðmarsson. 1997. *Saga Keflavíkur*. Reykjanesbær, Reykjavík.

Björg Guðjónsdóttir, Helga Bogadóttir og María H. Þorsteinsdóttir. 1998. Hreyfifærni  
íslenskra 6-7 ára barna. *Sjúkraþjálfarinn*. 15,3:11

Bragi Guðmundsson. 2000. *Líf í Eyjafirði*. Akureyri, Rannsóknarstofnun Háskólans á  
Akureyri

*Brot úr sögu umhverfismála*. Sótt 18 apríl 2005. Vefslóð.

<http://www.samband.is/prent-template.asp?id>

Byggðasafn Reykjanesbæjar. 1994. *Stekkjarkot*. Reykjanesbær.

Cornell. Joseph. 1979. *Sharing Nature With Children. The classic parents and  
teachers nature awareness guidebook*. Nevada City, Dawn publications.

*Drög að Aðalnámskrá leikskóla*. 1998. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Sótt 10. febrúar 2005. Vefslóð:

<http://maritech.is/leiskolar/files/adalnamskra.doc>

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1995. *Uppeldi kennslubók fyrir  
framhaldsskóla*. Reykjavík, Mál og menning.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.

- Gullkistan. 2005. *Nýsköpun*. Sótt 15. mars 2005. Vefslóð:  
<http://www.nams.is/gullkistan/verkefni/nyskopun.htm>
- Janus Guðlaugsson. 1991. Hreyfigeta barna. *Íþróttamál*. [Án frekari upplýsinga]
- Jóhanna Einarsdóttir. 1997. Áhrif kenninga Johns Dewey á leikskólastarf. *Athöfn* 1,19:18-31.
- Jóna Lind Karlsdóttir og Jensína K. Jensdóttir. 2000. Hreyfinám leikskólabarna. *Athöfn*. 1,31:60
- Katrín Ólafsdóttir. 1998. Í takt við náttúruna. *Athöfn*. 30,5:19-31.
- Karl Guðmundsson. 1998. Leikir og leikrænar æfingar fyrir yngstu börnin. *Leikir fyrir börn*. 1,3:4.
- Kristín Norðdahl. 2001. *Hvernig þróast hugmyndir leikskólabarna um náttúruna?* Meistaraprófsverkefni til M.Ed. gráðu við Kennaraháskóla Íslands.
- Lars- Magnus Engström, Artur Forsberg og Erwin Apitzsch. 1987. *Leiðbeinandi barna og unglunga í íþróttum*. Reykjavík, Íþróttasamband Íslands.
- Leikskólinn Tjarnarsel. 2004. *Skólanámskrá*. Reykjanesbær, Tjarnarsel.
- Leikskólinn Tjarnarsel. 2001. *Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans*. Reykjanesbær, Aðstoð.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1998. *Leiðarljós*. Börn og náttúra. Sótt 19 janúar 2005. Vefslóð <http://www.hjalli.is/barnaskolinn>
- Páll Skúlason. 1994. Inngangur að greinasafni. *Náttúrusýn*. Róbert Harðarson og Þorvarður Árnason ritstýrðu. Reykjavík, Háskóli Íslands.

Reidar Myhre. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.

Sjálfbær þróun. 1991. Leiðsögn um ritið. *Sameiginleg framtíð vor*. Skýrsla heimsnefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfis og þróunarmál. Reykjavík, Umhverfisstofnun. Sótt 18 apríl 2005. Vefslóð.  
<http://www.samband.is/prent-template.asp?id>

Sigrún Helgadóttir. 2001. Náttúrubörn 11. Umhverfismennt á tækni og upplýsingaöld. *Grænskinna. Umhverfismál í brennidepli*. (ritstjóri Auður H. Ingólfssdóttir), bls. 179-189. Reykjavík, Mál og menning.

Staðardagskrá 21. 2001. *Stýrihópur SD 21*. Reykjanesbær.

Steingrímur Arason. 1948. *Mannbætur*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja hf.

Torfi Hjartarson. 1990. *Land og líf*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

*Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir*. 1993. Reykjavík Menntamálaráðuneytið.

Valborg Sigurðardóttir. 1991. *Leikur og leikuppeldi*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Þóra Þóroddsdóttir. 2001. *Að hreyfa sig og hrjúfra*. Akureyri, Ásútgáfan.

Þorvaldur Árnason. 1997. *Náttúra umhverfi og vettvangsferðir*. Unnið upp úr stærra óbirtu riti höfundar, Umhverfismennt.

Þorvaldur Árnason. 1998. *Umhverfismennt*. Reykjanesbær, Aðstoð.

## Myndaskrá

Mynd 1 Börn að leik í Vatnsholtinu .....	23
Mynd 2 Börn að leik í Nónvörðunni.....	26
Mynd 3 Hrauntúnsholtið .....	28
Mynd 4 Smábátahöfnin í góðu veðri. ....	30
Mynd 5 Börn í sögustund í bátasafninu    Mynd 6 Börn að leik við Baldur.....	32
Mynd 7 Fjaran í Innri-Njarðvík    Mynd 8 Stekkjarkot .....	35
Mynd 9 Tröll í návígi.....	37